


ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVBS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 5. desember 2007 – 49. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 

Byr bætir við stofnféð
Mesta aukning
 sögunnar



Tveggja ára baráttu lokið
 Marel eignast Stork

STORK
IS HERE!

8-9

Á farsíma fyrir öll
 tækifæri
 Dóttirin með
 krakkasíma



14

Icebank- sala klárast

„Kaupin eru að ganga í gegn,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Icebank. Í dag er gert ráð fyrir að gangi í gegn breytt eignarhald bankans sem tilkynnt var um í október.



FINNUR
SVEINBJÖRNSSON

Finnur segir lokið við að af-létta ákveðnum fyrirvörum sem settir voru vegna kaupanna, en ferlið hafi tekið heldur lengri tíma en ráð var fyrir gert. Til að mynda hafi tafist uppáskrift lánardrottna, sem uppteknir hafi verið af titringi á fjármálamörkuðum, á breyttum samþykktum bankans. Þær kváðu áður á um að bankinn skyldi alfarið í eigu sparissjóðanna.

Byr og SPRON, sem áttu yfir helming í Icebank, selja sinn hlut að mestu og þrír minni sparissjóðir allan sinn. Stjórnendur bankans koma nýir inn með samtals 8,5 prósentu hlut.


Stefnt er að skráningu Icebank í Kauphöll Íslands á næsta ári. - óka

FRÉTTIR VIKUNNAR

Ný samrunalög | Fyrirtæki fá ekki að renna saman fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um samrunann, samkvæmt drögum að frumvarpi til breytinga á samkeppnislögum.

Aukin hölsýni | Neytendur sjá það töluvert svartara nú en í síðasta mánuði samkvæmt væntingavísitölu Gallup, sem lækkaði um 13,25 prósent milli mánaða.

Stork landað | Marel Food Systems kaupir Stork Food Systems (SFS) í Hollandi á nálægt því 38 milljarða króna. Við samrunann verður til stærsta matvælavinnsluvélarfyrirtæki heims.



Eignast fjórðung | Samhliða því að Marel kaupir Stork Food Systems, eignast Eyrir Invest og Landsbankinn fjórðungshlut í Stork N.V. í Hollandi.

Fundi frestað | Fyrirhuguðum hluthafafundi í finnska farsímafyrirtækinu Elisa hefur verið frestað fram yfir áramót. Novator, stærsti hluthafinn, krafðist fundarins.

Nýta útblástur | Hitaveita Suðurnesja hefur veitt félaginu CRI vilyrði fyrir lóð fyrir verksmiðju sem draga mun úr útblæstri hitaveitunnar á Svartsengi.

Met slegið | Úrvalsvísitalan lækkaði um nærri fjórtán prósent í nóvember og hefur aldrei lækkað jafnmikið á einum mánuði.

Fall vegna Finna

Sérfræðingur Lí segir tækifæri á hlutabréfamarkaði fyrir þolinmóða fjárfesta þótt erfitt sé að spá fyrir um þróunina.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

„Slæmar fréttir í viðkvæmu umhverfi geta haft neikvæð áhrif á markaðinn,“ segir Kristján Bragason, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, um þróunina á hlutabréfamörkuðum á meginlandi Evrópu og Norðurlöndunum í gær. Um þrjúleitið í gær hafði Úrvalsvísitalan fallið um tæp 2,7 prósent. Gengi vísitalna á öðrum norrænum mörkuðum lækkaði um eitt til 2,9 prósent, mest í Finnlandi.

Vísitölurnar tóku dýfu í morgunsárið eftir að finnski farsímaframléiðandinn Nokia kynnti framtíðarhorfur sínar fyrir næstu tvö árin. Fyrirtækið reiknar með því að rekstrarhagnaður fyrir skatta og gjöld (EBITDA) nemi um sextán til sautján prósentum á tímabilinu en það er 0,1 prósentustigi meira en fyrirtækið spáði fyrir ári. Nokia reiknar hins vegar með að verð á farsímum eigi eftir að lækka.

Þrátt fyrir ágæta afkomuspá fór hún illa í fjárfesta enda rímar hún við spár manna um hugsanlegan samdrátt í einkaneyslu. Gengi Nokia féll um 4,8 prósent í kauphöllinni í Helsinki í kjölfarið. Kristján segir fjárfesta hafa gert sér miklar væntingar til Nokia, en gengi bréfa í fyrirtækinu hefur hækkað um heil 78 prósent það sem af er ári. Hann

HÆKKUN/LÆKKUN FRÁ ÁRAMÓTUM*	
Aðalvísitölur e. löndum	Breyting
ICEX115 (Ísland)	+3,58%
C20 (Danmörk)	+7,16%
OSEBX (Noregur)	+9,11%
OMXSPI (Svíþjóð)	-6,11%
OMXHPI (Finnland)	+20,82%

* Klukkan þrjú

segir fyrirtækið það stórt að lækkunin hafi smitað út frá sér á aðra markaði í Evrópu og útilokaði ekki að áhrifanna hafi gætt hér í gær.

Kristján skrifaði greiningu um horfur á norrænu hlutabréfamörkuðunum í mánuðinum sem greiningardeild Landsbankans gaf út í fyrradag. Þar kemur fram að þótt óvissu gæti sé verð hlutabréfa hagstætt um þessar mundir og því tækifæri fyrir fjárfesta sem séu nógu þolinmóðir til að sigla í gegnum ólgusjó. Fram kemur í skýrslunni að fátt bendi til annars en að rekstur fyrirtækja sé almennt stöðugur og fyrirtækin vel stæð og lítið skuldbætt. Þar séu íslensku fyrirtækin hins vegar undantekning.

Kristján er almennt bjartsýnn um horfur á norrænum hlutabréfamarkaði í jólamánuðinum og aftur á seinni hluta næsta árs. Öðru máli gegni nú um áramótin. „Ég á von á hækkingu á mörkuðum í þessum mánuði en tel að strax eftir áramótin fari menn að einblína á uppgjör fyrirtækja. Það getur leitt til hættu á afkomuviðvörðunum og jafnvel lækkunar,“ segir Kristján en bendir jafnframt á að afar flókið sé að spá fyrir um þróunina um þessar mundir. „Eins og staðan er núna er óvissan mikil sem skýrir sveiflur á hlutabréfamörkuðum. Þá leita menn í bréf fyrirtækja utan fjármálageirans, sérstaklega til þeirra sem eru með sterkan efnahag og greiða reglulega út arð,“ segir Kristján.

Breyta samvinnufélagalögum

Lögmæti stofnunar Fjárfestingafélagsins Gift, upp úr Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, var til skoðunar í viðskiptaráðuneytinu í sumar.

Tilkynnt var um stofnun Gift 15. júní. Eftir því sem næst verður komist leiddi athugun ráðuneytisins ekki til þeirrar niðurstöðu að lög hefðu verið brotin.

Jónína S. Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, segir að í ljósi umræðunnar

sem hafi farið fram í samfélaginu við slit Eignarhaldsfélagsins, hafi verið farið yfir málið í ráðuneytinu. Ráðuneytið hafi sem slíkt ekkert eftirlit með lögmæti einstakra gjörninga á þessu sviði og hafi því ekki heimildir til að hafa afskipti af einstökum málum. Hins vegar falli löggjöld á sviði félagaréttar undir ráðuneytið.

Í kjölfar þessa máls hafi verið ákveðið að skipa starfshóp til

þess að fara yfir þann hluta laga um samvinnufélög sem snýr að slitum slíkra félaga.

Skúli Jónsson, forstöðumaður Hlutafélagaskrár, segir að stjórnskipulag Eignarhaldsfélagsins sé ekki í samræmi við samvinnufélagalög. Því hefði Hlutafélagaskráin ekkert um það að segja.

Fjármálaeftirlitið fór ekki yfir málið því Eignarhaldsfélagið er ekki í hópi eftirlitsskyldra aðila.

- ikh



Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,3%*

GBP 6,4%*

DKK 5,6%*

USD 5,0%*

CAD 6,5%*

EUR 4,2%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

 Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluadili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböslýsingar og útdráttar úr útböslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. okt. - 1. nóv. 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,4%	51,8%
Bakkavör	4,9%	-4,0%
Exista	2,4%	13,3%
FL Group	-7,5%	-24,5%
Glitnir	0,4%	5,8%
Eimskipafélagið	-0,1%	13,2%
Icelandair	4,8%	2,2%
Kaupþing	-0,9%	8,7%
Landsbankinn	0,1%	40,2%
Straumur	5,2%	-6,3%
Teymi	1,1%	17,7%
Össur	0,6%	-12,4%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Berjast gegn Novator

Hluthafar í finnska símafyrirtækinu Elisa lýsa sig andsnúna hugmyndum Novators um framtíð félagsins.

„Við ræðum við hluthafana,“ segir Risto Murto, fjárfestingarstjóri finnska lífeyrissjóðsins Varma í samtali við dagblaðið Helsingin Sanomat. Varma og Ilmarinen eru andsnúin hugmyndum stærsta hluthafans Novators.

Novator vill meðal annars breyta skipulagi félagsins þannig að það verði klofið í fjárfestingarhluta og rekstrarhluta. Þá vill félagið fá fulltrúa í stjórn og að stjórnin geti tekið stórar ákvarðanir í félaginu.

Novator er langstærsti einstaki hluthafinn í félaginu með 11,5 prósentu hlut.

Hluthafafundur verður haldinn 21. janúar þar sem framtíð félagsins ræðst. Novator hyggst kynna hluthöfum hugmyndir sínar fyrir fundinn.

Enginn úr hópi tíu stærstu hluthafa fyrirtækisins tekur undir hugmyndir Novators að sögn Helsingin Sanomat. Atkvæði smárra hluthafa skipti miklu máli.

Eignarhald í Elisa er mjög

dreift. Ilmarinen á 1,86 prósentu hlut og Varma 1,57 prósent. Hluthafar eru alls um 200 þúsund.

- ikh

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON
Hugmyndir hans um framtíð Elisa falla í grýttan jarðveg hjá lífeyrissjóðum.



Landmark selur

Fasteignafélagið Landmark í Búlgaríu hefur verið selt fyrir sem nemur rúmum níttján milljörðum íslenskra króna.

Félagið var í tæplega helmings eigu Samson Properties og sjóða í vörslu Landsbankans í Lúxemborg. Björgólfsson eiga Samson.

Kaupendur eru stjórnendur félagsins.

Fram kemur í fréttatilkyningu frá Samson Properties að í eignasafni Landmark séu 22 eignir í Búlgaríu og ein í Tyrklandi.

- ikh

Kaupþing orðað við írsku sjóðinn INBS

Kaupþing banki er meðal þeirra sem hugsanlega munu gera tilboð í írsku sparissjóðinn Irish Nationwide Building Society. Þetta er fullt í frétt írsku útgáfu The Sunday Times. Þar segir að Kaupþing leiti nú ráðgjafar vegna hugsanlegs tilboðs í sparissjóðinn. Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs hjá Kaupþingi, segist ekki tjá sig um orðróm á markaði. „Hins vegar kemur mér ekki á óvart að Kaupþing sé nefnt í þessu samhengi. Það er frekar

regla en undantekning að Kaupþing sé nefnt sem hugsanlegur kaupandi, þegar eitthvað er til sölu á Írlandi.“

Í haust var sterkur orðrómur um að tilboð væri væntanlegt frá Landsbankanum í INBS. Nokkur önnur fjárfestingarhluta hafa verið orðuð við sparissjóðinn, þar á meðal breski bankinn HBOS. Líklegt er talið að söluverð sparissjóðsins verði á bilinu einn til 1,5 milljarðar evra, jafnvirði um níftú til 136 milljarða íslenskra króna.

- hhs

Stærsta stofnfjárukning Íslandssögunnar

Aukning stofnfjár Byrs sparissjóðs stendur til 14. desember. Sóttir verða tæpir 24 milljarðar til stofnfjareigenda. Töluverð viðskipti voru með bréfin fyrir lokun markaðarins.

Óli Kristján Ármannsson
Skrifari

„Við ætlum að vaxa og styrkjum með þessu eiginfjárgrunnin,“ segir Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs sparissjóðs, um yfirstandandi stofnfjárukningu sjóðsins. Hann bendir á að stofnfjárukning Byrs sé sú stærsta sem hér hafi farið fram til þessa.

Í boði eru 12,2 milljarðar nýir hlutir á genginu 1,945. Með þessu áætla Byr því að sækja sér rúma 23,7 milljarða króna.

Hægt er að skrá sig fyrir auknum stofnfjárhlut fram til 14. þessa mánaðar, en aukningin hófst síðasta mánudag. Eingu niverandi stofnfjareigendur geta aukið hlut sinn. Nýti einhver ekki kauprétt sinn rýrnar eignarhlutur hans í sjóðnum um 86,2 prósent. Tíu prósent hlutur yrði þannig að 1,38 prósentu hlut.

„Við nýtum með þessu heimild sem við vorum með,“ segir Jón Þorsteinn og vísar líka til þess að önnur fjárfestingarhluta sé dýr um þessar mundir. „Þótt Byr sé ágætlega fjármagnður út næsta ár og með innlánum að stórum hluta þá er líka horft til þessa,“ segir hann en gefur lítið út á hvort líta megi á stofnfjárukninguna sem fyrirheit um yfirvofandi fyrirtækjakaup. „Hitt er annað mál að ef þú kallar eftir 24 milljörðum þá verður þú að láta þá vinna og það ætlum við að gera.“

Jón Þorsteinn á ekki von á öðru en að öll stofnfjárukningin gangi út. „Við erum náttúrlega búin að sölutryggja þetta og hefðum ekki farið í þetta öðruvísi á þessum tíma.“ Hann gerir um leið ráð fyrir góðri þátttöku stofnfjareigenda. „Þetta er svo mikil skerðing á hlut þeirra sem ekki taka þátt. Ég á von á að þetta klárast auðveldlega.“



JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON
Stjórnarformaður Byrs.

Nýti einhver stofnfjareigandi ekki kauprétt sinn rennur kauprétturinn til annarra stofnfjareigenda sem skráð hafa sig fyrir hlut umfram eigin eign. Skiptist þá ónýttur kaupréttur á milli hinna sem meira vilja í hlutfalli við fyrri eign þeirra í sjóðnum. Jón Þorsteinn segir ljóst að stofnfjárukningin sé álitlegur fjárfestingarkostur miðað við gengi bréfanna. Síðustu viðskipti með bréf Byrs fyrir stofnfjárukninguna fóru fram á genginu 15 krónur á hlut. Það gengi segir þó ekki alla söguna því gengið kemur til með að lækka í hlutfalli við aukningu hlutafjár. Miðað við síðasta gengi að viðbættri aukningu fæst út gengi bréfa ná

lægt þremur.

Samkvæmt heimildum Markaðarins voru töluverð viðskipti með stofnbref Byrs áður en markaði með þau var lokað meðan á aukningunni stendur. Allnokkur hópur kaus að selja sig fremur út úr sjóðnum en að taka þátt í stofnfjárukningunni enda getur þar verið um töluverða skuldbindingu að ræða. Um leið var nokkur hópur á kauphlíðinni sem gjarnan vildi auka kauprétt sinn í aukningunni.

Algeng eign einstaklinga í sjóðnum er sögð vera sex stofnbref, en þau samsvara um 1,9 milljónum króna að grunnafnverði. Taki einstaklingur með slíka eign fulla þátt í stofnfjárukningunni þýðir það fjárfestingu upp á um 24 milljónir króna.

Jón Þorsteinn segir að langtímamarkmið sjóðsins sé svo að breyta rekstrarformi sjóðsins í hlutafélag og skrá hann á markað. „Á þessu ári hefur heimilið skýrt í þeim efnum, en við höfum samt ekki gefið út neina dagsetningu enn sem komið er. Við ætlum hins vegar að hlutafjærvaða sjóðinn við fyrsta tækifæri.“

Dregur úr vöruskiptahalla

Halli á vöruskiptum við útlönd fyrstu tíu mánuði ársins var um 40 milljörðum króna minni en á fyrstu tíu mánuðum síðasta árs. Vörur voru fluttar út fyrir tæpa 240 milljarða króna en inn fyrir tæplega 320 milljarða, að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar.

Verðmæti vöruútlutnings var um tuttugu prósentum meiri á fyrstu tíu mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra.

Vöruskiptahallinn í október nam 6,6 milljörðum króna, sem er 203 milljörðum minna en í sama mánuði í fyrra, á sama gengi.

Samkeppnisfyrirvöld skoða e-kort

„Við höfum þetta mál til skoðunar,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins um samstarf SPRON og Kaupþings um e-kortið.

Bankarnir hafa stofnað sérstakt félag um kortið, Ekort ehf. Markmið samstarfsins er að auka útbreiðslu e-korta hérlendis auk þess að sjá um samskipti við samstarfsfyrirtæki og útgefendur.

Páll Gunnar Pálsson segir að málið sé til skoðunar á grundvelli samrunatilkynningar sem eftirlitinu hafi borist, vegna kaupa Kaupþings á hlut í Einkaklúbbnum.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Hann vildi ekkert segja um hugsanlega niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins, né hvenær athuginni lyki.

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, segir að þetta komi ekki á óvart. Sjálf-sagt sé að Samkeppniseftirlitið fari yfir mál af þessu tagi.

- ikh

FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN

Sjóður 9 hentar þeim sem leita að jafri og stöðugri hækkun eigna. Sjóðurinn fjárfestir í víxlum, innlánum eða öðrum skammtímaverðbréfum. Hann hentar sérlega vel sem skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu. Inneign í sjóðnum er alltaf laus til útborgunar samdægurs og enginn munur er á kaup- og sölugengi í sjóðnum.

SJÓÐUR 9

15.1% ávöxtun*

ÞINN ÁVINNINGUR

- Mikil áhættudreifing og frábær ávöxtun
- Sérfræðingar Glitnis stýra sjóðnum
- Ávallt innleysanlegur
- Hægt að kaupa og selja á netinu
- Enginn munur á kaup- og sölugengi
- Mjög litlar verðsveiflur

*Ávöxtun sl. 1 ár m.v. 31.10.07 – ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Glitnir Sjóðir er rekstrarfélag sjóðsins. Útbóðslýsinga og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Glitnis, www.glitnir.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

Kemur ekki á óvart!

SPRON Verðbréf eru augljóslega besti kosturinn.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **15,5%***

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is

SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,5% ávöxtun*



TEMAVEYSLA/IK/SIA - 9071483

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

75 ára


VERÐBRÉF

*Nafnávöxtun miðast við 30. nóvember 2006 til 30. nóvember 2007 skv. sjodir.is
Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.
Útboðslýsing má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athylli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.




„...sem sagt fljót og góð þjónusta!“


Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.

„Ekkert röfl og ekkert vesen. Ef svo illa vildi til að ég yrði fyrir tjóni aftur þá þyrfti ég greinilega engu að kvíða með það. Takk fyrir mjög góða þjónustu.“

Bestu kveðjur,
Guðrún Jónsdóttir og Ludwig H. Gunnarsson



Samkvæmt Íslensku ánægjuvogni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga, þriðja árið í röð.



TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is

Kauppingseigandi bætir tilboðið

Bandaríska fjárfestingarfélagið JC Flowers & Co., annar stærsti hluthafi Kaupþings, lagði í enda síðustu viku fram endurbætt tilboð í breska bankann Northern Rock.

Tilboðið hljóðar upp á greiðslu á um helmingi af öllum þeim neyðarlánnum sem bankinn hefur tekið hjá breska seðlabankanum. Ekki liggur fyrir hvað heildarlánin hljóða upp á en talið er að þau nemi 29 milljörðum punda, jafnvirði 3.700 milljarða íslenskra króna. Afganginn skal greiða samkvæmt tilboðinu á næstu þremur árum að viðbættum vöxtum. JC



EITT AF ÚTIBÚUM NORTHERN ROCK
Einn af stærstu hluthöfum Kaupþings þykir hafa lagt fram besta tilboðið í vandræðabankann Northern Rock. MARKAÐURINN/AFP

Flowers þykir jafnframt opin fyrir því að halda bréfum bankans á markaði.

Breska dagblaðið Telegraph sagði um helgina að Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, gæti hugsanlega líkað best við tilboð Flowers þótt það hljómi líkt og tilboð bresku samstæðunnar Virgin Group. Hugmyndir Virgin fela hins vegar í sér að taka bankann af markaði og innlima hann í fjármálaarm samstæðunnar, Virgin Money. Slíkt hugnast hluthöfum ekki og hafa margir sett sig upp á móti því, að sögn blaðsins.

- jab



SEÐLABANKASTJÓRI BANDARÍKIÐNA Á FUNDI BANKANS Í SÍÐUSTU VIKU Seðlabankastjórarnir beggja vegna Atlantsála eru sagðir milli steins og sleggju enda vilji þeir koma í veg fyrir að verðbólga aukist á sama tíma og þeir vilji tryggja að ekki dragi úr hagvexti vegna fjármálakreppunnar. MARKAÐURINN/AFP

Milli steins og sleggju

Flestir telja líkur á óbreyttum stýrivöxtum á meginlandi Evrópu á morgun. Lækkun er í farvatninu vestanhafs.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Vaxtaákvörðunardagur er á morgun hjá Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóra evrópska seðlabankans, og Mervyn King, kollega hans hjá Englandsbanka. Flestir fjármálaskýrendur telja meiri líkur en minni á að stjórnir bankanna ákveði að halda stýrivöxtum óbreyttum að sinni á meðan horfur í efnahagsmálum verði metnar. Á sama tíma er því spáð að Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, lækki stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunarfundi bankans 11. desember næstkomandi og komi þar með til móts við versnandi hag bæði fasteignaeigenda sem ekki hafa staðið í skilum með afborganir af íbúðalánnum sínum og fjármálafyrirtækja, sem hafa borið skarðan hlut frá borði í fjármálakreppunni.

Seðlabanki Íslands hækkaði síðast stýrivexti sína um 0,45 prósent í byrjun síðasta mánaðar og hafa þeir aldrei verið hærri. Næsti vaxtaákvörðunardagur hér er 20. næsta mánaðar og útiloka greiningardeildir bankanna ekki að stýrivextir verði hækkaðir frekar til að sporna gegn aukinni verðbólgu sem hefur verið yfir spám.

Stýrivextir í evrulöndunum og í Bretlandi standa hátt í sögulegu samhengi og hefur bæði verið þrýst

á að þeir lækki vextina til að auka aðgengi að ódýrara lánsfé á sama tíma og þess er krafist að þeir haldi aftur af verðbólguþróun í vestrhluta álfunnar. Bankastjórarnir eru því skiljanlega á milli steins og sleggju auk þess sem horfur eru á nokkuð hægari hagvexti í Evrópu allt fram á næsta ár, líkt og breska blaðið Financial Times bendir á í byrjun vikunnar.

Seðlabankastjórarnir horfa hins vegar til mismunandi þátta þegar kemur að vaxtaákvörðun. Þannig horfa þeir Trichet og King til þess að draga úr verðbólgu. Sama máli gegnir um Seðlabanka Íslands, að mati greiningardeilda.

Verðbólga mældist 5,2 prósent hér á landi í nóvember en þrjú prósent á evrusvæðinu á sama tíma og hefur hún ekki mælt meiri þar í sex ár. Helstu undirliggjandi þættir eru líkt og hér á landi, verðhækkunar á matvöru og eldsneyti. Til að draga úr verðbólgu yrði alla jafna að hækka stýrivexti. Margir eru hins vegar uggandi yfir efnahagshorfum næstu mánuði sökum fjármálakreppunnar sem legið hefur sem mara yfir fjármálaheiminum upp á síðkastið og telja því líkur á óbreyttu stýrivaxtastigi á meginlandi Evrópu allt fram á næsta ár, að sögn Financial Times sem útilokar ekki að stýrivextir gætu lækkað dragi úr hækkingunum á olíudropanum og raforkuverði.

STÝRIVEXTIR Í NOKKRUM LÖNDUM

Land	Stýrivaxtastig
Bandaríkin	4,50%
Japan	0,50 %
Bretland	5,75%
Evrulöndin	4,00%
Ísland	13,75%

Tesco blæs í seglin

Breski stórmarkaðurinn Tesco ætlar að opna allt að eitt þúsund verslanir í Bandaríkjunum á næstu misserum. Með þessu hyggst verslunin, sem keyrir fram undir merkjum Fresh & Easy vestan Atlantsála, ná til sín kúnum frá Wal-Mart, stærstu verslanakeðju í heimi.

Tesco, sem er stærsta verslanakeðja Bretlands, opnaði fyrstu verslunina í Bandaríkjunum í byrjun nóvember að undangenginni ítarlegri rannsókn á

kauphegðun neytenda. Verslanirnar, sem eru allt að 75 prósentum minni en hefðbundnar stórverslanir, eru nú orðnar fimmtán talsins.

Terry Leahy, forstjóri Tesco, segir í samtali við breska ríkisútvarpið að fyrirhugað sé að opna 200 verslanir til viðbótar fram til ársins 2009 og fleiri eftir það.

Bakkavör hefur fylgt á eftir landnámi Tesco undanfarin ár. Haft hefur verið eftir Ágústi Guðmundssyni, stjórnarfor-



VERSLUN Í ÚTRÁS Forstjóri Tesco segir verslunina ætla að opna allt að þúsund verslanir í Bandaríkjunum á næstu árum. MARKAÐURINN/AFP

manni Bakkavarar, að félagið sé að skoða tækifæri í Bandaríkjunum. Engin ákvörðun hafi verið tekin í málinu.

- jab



GOTTFOUR

APC[®] er leiðandi framleiðandi á heimsvísu í varaafgjöfum og innviðalausnum fyrir kerfis- og hýsingarsali.

EJS ER SAMSTARFSADILI APC Á ÍSLANDI

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000



Óljóst hverjir eiga þrjátíu milljarða

Ákveðið var að slíta Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum í sumar. Til verður fjárfestingarsjóður með 30 milljarða króna í eigið fé. Sjálfseignarstofnunin Samvinnusjóðurinn verður stærsti hluthafinn. Um 50 þúsund aðilar eiga þar líka hlut, en óvíst er hversu mikið hver og einn á. Ingimar Karl Helgason fer yfir málið og slit félagsins sem hafa sætt nokkurri gagnrýni.

Samvinnusjóðurinn verður kjölfestan í þessu. Það er alveg ljóst að hann verður stærstur,“ segir Benedikt Sigurðsson, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.

Ákveðið var í sumar að stofna Fjárfestingarfélagið Gift hf. upp úr Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum. Eigið fé Gift er talið nema um þrjátíu milljörðum króna. Markaðsvirði skráðra félaga á síðari hluta ársins kynni þó að hafa rýrt þá tölu.

Samvinnutryggingar voru í sinni tíð svonefnt gagnkvæmt tryggingafélag en í því felst að þeir sem tryggðu hjá félaginu eignuðust þar líka hlut. Hlutur hvers og eins hefur verið bundinn í Eignarhaldsfélaginu, þangað til núna, þegar til stendur að slíta því.

Miðað er við að viðskiptamenn sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum tvö seinustu starfsárin, 1987 og 1988, eigi hlut í Gift. Einnig þeir sem voru með lögboðna brunatryggingu árin 1992 og 1993. Fram kemur í samþykktum félagsins að réttindi einstaklinga falli niður tveimur árum eftir andlát. Lögáðilar, stofnanir og fyrirtæki hafa þurft að halda óslitnum váttryggingaviðskiptum við Váttryggingafélag Íslands (VÍS).

SLITIN GAGNRÝND

„Að mínum dómi átti að slíta Eignarhaldsfélaginu árið 1989 og eigendurnir að fá hluti í VÍS,“ segir Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður. „Ég tel að þeir sem áttu réttindi í Samvinnutryggingum við stofnun VÍS eigi þau enn.“ Sigurður bætir því við að Samvinnutryggingar hafi verið stofnaðar sem samvinnufélag og líta beri á þær sem slíkar.

Tryggingastofnar Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Íslands voru sameinaðir 5. febrúar árið 1989 og til varð VÍS.

Fram hefur komið að um 65 þúsund manns hafi átt eignarrétt í fyrirtækinu þegar það hætti starfsemi.

Kristinn Hallgrímsson, formaður skiptanefndar Eignarhaldsfélagsins, segir að ýmis álitamál séu til skoðunar. Ekki verði ljóst hverjir eigi hlut í Fjárfestingarfélaginu Gift fyrr en um eða eftir áramótin. Til stóð að skiptafundurinn yrði haldinn í september.

SAMVINNUSJÓÐURINN STÆRSTUR

Samvinnusjóðurinn verður stærsti hluthafinn í Gift. Þangað hefur runnið eign þeirra sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum en hafa látist eða hætt að tryggja hjá félaginu. Þá hafa líka runnið þangað réttindi fyrirtækja sem orðið hafa gjaldþrota eða hætt að tryggja.

Ætla má að um þriðjungur af um þrjátíu milljarða eigin fé Eignarhaldsfélagsins sé á forræði sjóðsins.

Sjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun, á að styrkja samfélagsverkefni og almannaheill.



UPPHAF LANGRAR SÖGU Vilhjálmur Þór, forstjóri SÍS, og Seved Apelquist skrifa undir samning 1946. Jakob Frimannsson og Bengt Frænkel standa að baki.

VALD FÉLAGSMANNSINS

Þetta segir um stjórnun Samvinnutrygginga í bók sem gefin var út á 30 ára afmæli félagsins:

„[Þ]etta nýja tryggingafélag [var] að allri gerð alger nýjung hér á landi og að verulegu leyti frábrugðin þeim tryggingafélögum, sem fyrir voru í landinu, flest hlutfélög eða einkafyrirtæki. Þar voru tryggingatakar aðeins venjulegir viðskiptamenn, sem gátu keypt sér tiltekna tryggingu [...] og höfðu síðan [ekki nokkur] nokkur félagsleg áhrif á stjórn þess eða rekstur. [...] Hitt var ekki eins auðvelt að ná fullkomnu samvinnulýðræði [...] Úr þessum vanda var leyst [...] á þann veg, að stjórn SÍS, sem kosin er af kjörnum fulltrúum kaupfélagna á aðalfundi samtakanna – SÍS – skyldi kjósa stjórn Samvinnutrygginga [...]

Til þess að efla persónulegan samvinnurétt tryggingatakana þó enn betur, er svo kveðið á í samþykktum stofnunarinnar: „Eigendur stofnunarinnar eru þeir, sem á hverjum tíma tryggja hjá henni“. Og enn fremur: „Tryggingabegum stofnunarinnar er heimilt að leggja tillögur fyrir aðalfund“.

Í HÓPI LYKILFÓLKS



FINNUR INGÓLFSSON
Fyrirverandi viðskipta- og iðnaðarráðgjafi og varaformaður Framsóknarflokksins. Var forstjóri VÍS. Situr í fulltrúaráði Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.



VALGERÐUR SVÆRISDÓTTIR Fyrirverandi viðskipta- og iðnaðarráðgjafi. Varaformaður Framsóknarflokksins. Situr í fulltrúaráði Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.

„Næststærsti hluthafinn í Gift verður að líkindum Samband íslenskra samvinnufélaga,“ segir Guðsteinn Einarsson, kaupfélagsstjóri í Borgarnesi og stjórnarformaður Sambandsins. Hann bætir því við að Sambandið hafi verið langstærsti tryggingatakin hjá Samvinnutryggingum og hafi auk þess lagt til stofnfé. Hann geri ráð fyrir því að eignarhlutur Sambandsins í Gift hlauði á nokkrum milljörðum króna en þó sé erfitt að fullyrða nokkuð um það nú.

Ætla má að fleiri fyrirtæki sem eiga uppruna sinn í Sambandinu eignist nokkurn hlut í Gift. Til að mynda félög sem tengjast Ólafi Ólafssyni, stjórnarformanni og helsta eiganda Samskipa.

VENJULEGUR TRYGGJANDI FÁI 100.000

Um 50 þúsund aðilar, einstaklingar og fyrirtæki, eignast hluti í Gift. Af þeim tuttugu milljörðum króna sem skiptast milli tryggjenda má ætla að SÍS fái mest, hugsanlega milljarða, en síðan fái önnur fyrirtæki sem eiga rætur að rekja til SÍS umtalsverða hluti.

Fram hefur komið að venjuleg fjölskylda sem tryggði hús, innbú og bíl geti gert ráð fyrir að fá um 100 þúsund króna hlut í Fjárfestingarfélaginu Gift. Þessar upplýsingar eru óstaðfestar.

Sé gert ráð fyrir að flestir í hópi tryggjenda hafi verið venjulegar fjölskyldur, má ætla að þær fái um fimm milljarða króna af hinum þrjátíu

tíu milljarða sjóði. Á milli 20 og 25 milljarðar af eigin fé fyrirtækisins verði hins vegar í höndum Samvinnusjóðsins, Sambands íslenskra samvinnufélaga og fleiri fyrirtækja.

Benedikt Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga, bendir á að hæpið sé að fullyrða nokkuð um þetta, þar sem endanleg skipti liggja ekki fyrir.

HVER RÆÐUR?

„Þarna gengur eitt-hvert sjálfala fulltrúaráð en félagsmenn hafa lítill áhrif á þetta,“ segir Sigurður G. Guðjónsson, um stjórnun Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.

24 manna fulltrúaráð félagsins, sem hefur haft með höndum að velja stjórn félagsins og taka meiri háttar ákvarðanir á aðalfundum, velur sig sjálf.

Þangað til fyrir fimm árum var fulltrúaráðið kosið á aðalfundi Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Sigurður spurði í grein í Morgunblaðinu í sumar hvort allir gætu mætt á aðalfundi eða hvort þeir væru aðeins fyrir fáa útvalda.

Fundurinn þar sem slit félagsins var ákveðin var haldinn á föstudegi, en boðað var til hans með auglýsingu í Morgunblaðinu á þriðjudegi í sömu viku.

Gísli Jónatansson, varaformaður Sambands íslenskra samvinnufélaga og kaupfélagsstjóri á Fáskrúðsfirði, skrifaði í Morgunblaðið í sumar að í heilt ár hefðu tryggjendur, undir forystu stjórnar sambandsins, reynt að hafa áhrif á ákvarðanir um fjármuni Samvinnutrygginga.

Það sé alveg ljóst að það hafi aldrei verið hugsun þeirra sem stofnuðu félagið á sínum tíma að sjálfskipað fátmennt fulltrúaráð kæmist í slíka valdastöðu. Það hefði verið sjálf-sögð og eðlileg kurteisni við tryggingatakana að boða þá til fundar og kynna þeim réttarstöðu sína.

Þórálfur Gíslason, stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins, sagði í sumar að ekki hefði verið hægt að boða félagsmenn til aðalfundar því eign þeirra hefði aldrei verið virk.

STIKLUR Á SEX ÁRATUGUM

Stofnfé Samvinnutrygginga nam 700 þúsund krónum. Stærsta eign félagsins nú er hlutur í Exista sem metinn er á um tíu milljarða króna.

1946	Samvinnutryggingar stofnaðar af SÍS	
1989	Samvinnutryggingar renna inn í VÍS	
1992	Sambandið hætt rekstri	
2003	Búnaðarbankinn keyptur með tilstyrk Samvinnutrygginga	
2004	Exista kaupir 18% í VÍS	
2006	Exista eignast 100% í VÍS og greiðir fyrir með hlutum í Exista.	

ÞRIÐJUNGUR ÍSLENDINGA TRYGGÐI HJÁ SAMVINNUTRYGGINGUM

Hlutur í Samvinnutryggingum eignuðust þeir sem þar tryggðu og Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) sem lagði til stofnfé. Hér eru nokkur dæmi um fyrirtæki sem þar tryggðu.

SÍS var ávallt stærsti tryggingatakin:

- Öll kaupfélög og dótturfélög
- Skipadeildin (Samskip)
- Sjávarafurðadeild
- Innflutningsdeild/Mikligarður
- Búvörudeild

Fyrirtæki í eigu SÍS:

- Óliúfélagið
- Kirkjusandur
- Dráttarvélar

Ýmis fyrirtæki:

- útgerðir
- Hekla hf.
- Sláturfélag Suðurlands

EIGNIR SAMVINNUTRYGGINGA

Hlutdeildarfélag:

FS3 ehf.

Skráð félög:

Icelandair Group Holding hf.
Straumur fjárfestingarbanki hf.
Kaupþing Búnaðarbanki hf.
Landsbanki Íslands hf.

EXISTA ehf.

Glitnir banki hf.

Óskráð félög:

Árkaup hf.
Samkaup hf.
Saga Capital
Föðurblandan ehf.

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum



MARKAÐSVAKTIN

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Við hugsum bara um peninga...

...þína peninga

Við fjárfestum ekki fyrir eigin reikning í stökum bréfum, sinnum hvorki útlánastarfsemi né fyrirtækjaráðgjöf og erum óháð stærri fjármálafyrirtækjum. Við leggjum hins vegar allt okkar kapp á sérhæfða og vandaða þjónustu á sviði eignastýringar. Árangurinn sést meðal annars á því að 94% íslenskra fagfjárfesta telja stýringu okkar á innlendum skuldabréfum vera „yfir meðallagi“ eða „framúrskarandi“.



Sigur unninn í tveggja ára slag

Marel eignast Stork Food Systems

Marel Food Systems samdi rétt fyrir mánaðamótin um yfirtöku á matvælavinnsluvélahluta iðnaðarsamstæðunnar Stork N.V. í Hollandi. Með yfirtökunni hefur Marel náð því marki sínu að verða leiðandi á sínu sviði í heiminum, á dreifðum markaði þar sem mikið samþættingarferli fer í hönd. Raunar verður félagið stærst í heimi. Óli Kristján Ármannsson rifjar leið félagsins að þessu marki, allt frá því kúrsinn var tekinn fyrir um tveimur árum. Jafnframt er litið á átökin sem um leið urðu um og í stærsta iðnfyrirtæki Hollands.

Gangi eftir samruni Marel Food Systems og Stork Food Systems er orðið til stærsta fyrirtæki heims í þróun og markaðssetningu hátæknibúnaðar fyrir matvælaíðnað. Um leið er Marel komið vel fram úr áætlunum sem settar voru fram í ársbyrjun 2006 um vöxt á þremur til fimm árum. Raunar þóttu þær áætlanir félagsins nokkuð stórhuga á sínum tíma, en á kynningu vegna ársuppgjörs í febrúarbyrjun 2006 sagði Hörður Arnarson forstjóri að því stefnt að Marel þrefaldaði stærð sína á næstu árum og næði 15 til 20 prósentu markaðshlutdeild. Velta Marels árið 2005 nam 129 milljónum evra, eða tæpum 12 milljörðum króna. Á næsta ári er áætlað að velta félagsins nemi 650 milljónum evra, eða hátt í 60 milljörðum króna.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel Food Systems, sagði ótvírætt forskot felast í því að vera með þeim fyrstu af stað í samrunaferli því sem spáð hefur verið í dreifðum markaði fyrir tækja á sviði matvælavinnsluvéla. „Þeir sem fyrstir eru af stað geta valið sér álitlegustu félögana. Þar gilda

fundi vegna kaupanna á Stork Food Systems með fjárfestum og hluthöfum í síðustu viku. Samrunaferlið er það sama og Hörður Arnarson forstjóri sagði fyrir séð þegar hann kynnti í febrúar 2006 áætlanir félagsins um vöxt næstu ár. „Par ætlum við okkur stórt hlutverk. Þessi iðnaður er 20 til 40 ára gamall og komið að kynslóðaskiptum í mjög mörgum þessara fyrirtækja,“ sagði hann og kvað stefnt á veltu upp á 400 til 500 milljónir evra eftir þrjú til fimm ár og samruna við tvö til fjögur fyrirtæki. Samrunarnir síðan þá hafa verið þrír og áætluð velta á næsta ári, eins og áður segir, 650 milljónir evra.

SAMÞÆTTINGIN PUNG

Fyrsta stóra skrefið í stækkunarferlinu var stigið í aprílbyrjun 2006 með kaupnum á AEW Thurne og Delford Sortaweigh fyrir um 1,7 milljarða króna af AEW Delford Group. Félögin framleidda meðal annars háhraða skurðarvélar, tæki til gátvigtunar og verðmerkningar og róbóta til

verandi keppinautar Marels bera nafnið AEW Delford Systems,“ sagði Hörður eftir kaupin og kvað Marel með þessu hafa styrkt vörulínu sína í kjötiðnaði, þar sem breska félagið var hvað sterkast.

Næsta stóra skref í stækkunarferli Marels var svo tekið í ágústbyrjun 2006 með kaupum á danska félaginu Scanvægt á 109,2 milljónir evra. Með viðskiptunum eignaðist Lars Grundtvig, stjórnarformaður Scanvægt, og fjölskylda hans átján prósentu hlut í Marel og varð þar þriðji stærsti hluthafi. Í tilkynningu Marels um kaupin kom fram að með þeim og kaupnum á AEW Delford hefði velta félagsins aukist um 100 prósent á árinu.

Viðtöknokkuð þungt samþættingarferli í rekstri samstæðunnar um leið og unnið var að því að leita fleiri kosta í ytri vexti. Í uppgjöri þriðja ársfjórðungs þessa árs sagði Hörður Arnarson forstjóri nokkur vonbrigði

aukist um 54 prósent milli ára. Þá hafði veik staða Bandaríkjadals haft áhrif á vaxtatölur í Bandaríkjunum, þar sem félagið gerir upp í evrum. „En í mótteknum þöntunum hefur verkefnastaðan batnað umtalsvert og er í samræmi við okkar áætlanir,“ sagði Hörður.

SLAGURINN UM STORK

Fyrstu þreifingar um samruna Marels og Stork Food Systems áttu sér stað í nóvember 2005 að því er upplýst hefur verið. Mögulegur samruni félaganna komst hins vegar ekki í almenna umræðu fyrr en í október í fyrra og þá í kjölfar átaka í hluthafahópi Stork. Þar þrýstu tveir stærstu hluthafar þess tíma, fjárfestingarsjóðirnir bandarísku Centaurus og Paulson með þriðjungs hlut, á um að félaginu

yrði skipt upp og hliðarstarfsemi seld, en það einbeitti sér að kjarnastarfsemi sinni í flugiðnaði.

Samdægurs birtust um það fréttir hér í Markaðnum og í hollenska viðskiptablaðinu Het Financieele Dagblad að við samruna Marels og matvælavinnsluvélahluta Stork gæti orðið til risi í þeim geira og að hjá Marel væri fullur hugur á slíkum samruna. Marel var á þeim tíma eitt fjögurra stærstu í geiranum,

Velta Marel Food System

2005 130 milljónir evra

*áætlun

sömu lög- mál og á dansgölf- inu,“ gantaðist hann á kynningar-

þökkunar matvæla. Helstu markaðsvæði nýju félaganna voru í Bretlandi, Bandaríkjunum, Hollandi og Frakklandi.

„Framvegis munu þessir fyrir-

hversu hægt samþættingin hefði gengið en taldi ábata vegna fyrirtækjakaupa munu koma fram í næsta uppgjöri. „Innri vöxtur er lægri en við stefndum að, en í fullu samræmi við það sem gerist þegar menn eru í stórum yfirtökum,“ sagði hann, en benti um leið á að velta félagsins hefði engu síður

2006 210 milljónir evra

VÖXTUR MARELS FRÁ BREYTTU E

11. OKTÓBER 2005 - Í kjölfar breytinga á eignarhaldi Marels tekur Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyrís, við stjórnarformennsku. „Eyrir horfir til langs tíma og ætlar að styðja við frekari vöxt félagsins,“ sagði hann.

NÓVEMBER 2005 - Óformlegar þreifingar eiga sér stað um mögulegan samruna Marels og Stork Food Systems.

DESEMBER 2005 - Marel gerir skilyrt tilboð í allt hlutfé Stork Food Systems, en því er ekki tekið.

7. FEBRÚAR 2006 - Um leið og kynnt er ársuppgjör 2006 kynnir Marel nýja framtíðarstefnu og áætlanir um að verða á þremur til fimm árum eitt af þremur stærstu félögum í sínum geira með 15 til 20 prósentu markaðshlutdeild.



APRÍLBYRJUN 2006 Árni Oddur Þórðarson stjórnarformaður og Hörður Arnarson forstjóri kynna kaupin á AEW Delford Systems. Við þau eykst velta Marels um tæpan þriðjung.

6. APRÍL 2006 - Marel gefur út skuldbréf fyrir 6 milljarða króna að nafnvörði. Tilgangurinn sagður „að fjármagna framtíðarvöxt fyrirtækisins, í samræmi við þau vaxtarmarkmið sem kynnt voru á aðalfundi félagsins í febrúar“.

10. APRÍL 2006 - Tilkynnt um kaup á eignum og rekstri á AEW Thurne („AEW“) og Delford Sortaweigh („Delford“) af AEW Delford Group Limited fyrir 13,55 milljónir punda. Með kaupnum var sagt hafa verið tekið fyrsta skrefið við innleiðingu á nýrri vaxtarstefnu Marels.



8. MAÍ 2006 - Eignarhaldsfélagið LME ehf., í eigu Marels, Eyrís Invest og Landsbankans, eykur hlut sinn í hollenska félaginu Stork N.V. úr 4,79 prósentum í 5,1 prósent,

8. ÁGÚST 2006 - Marel kaupir allt hlutfé í danska fyrirtækinu Scanvægt International AS fyrir 815 milljónir danskra króna. Eigendur Scanvægt verða um leið eigendur tæplega 18 prósentu hlutar í Marel.



18. ÁGÚST 2006 - Hluthafafundur samþykkir hlutfjárútkningu vegna kaupanna á Scanvægt og tillögu um heimild til stjórnar Marels til að hækka hlutfé félagsins um allt að 60 milljónir að nafnvörði.

24. ÁGÚST 2006 - Stjórn Marels ákveður að hækka hlutfé um 127.016.732 hluti. 52.016.732 fara til selj-

enda Scanvægt International. Fjárfestum býðst að kaupa rest á 74 krónur á hlut.

15. SEPTEMBER 2006 - Niðurstaða þrískipts hlutfjárútknings liggur fyrir. Hluthöfum Marels fjölgaði úr 1.100 í 3.700, 25 lífeyrissjóðir gerðust hluthafar og erlend eignaraðild nemur 15 prósentum.

9. OKTÓBER 2006 - Eftir umfjöllun fjölmiðla um hugsanlega sameiningu Marels og Stork Food Systems upplýsir félagið um að óformlegar viðræður hafi átt sér stað um hugsanlegt nánara samstarf. „Engar formlegar viðræður eru í gangi um sameiningu Marels og Stork Food System,“ segir í tilkynningu og áréttað að fjárfesting LME í iðnsamstæðunni Stork hafi verið gerð til að „stuðla að áframhaldandi góðu samstarfi Marel og Stork Food System,“ sem félögin hafi átt í síðustu átta ár.

28. FEBRÚAR 2007 - Marel kynnir uppgjör fyrir árið 2006. Hörður Arnarson, forstjóri, segir árið hafa verið mjög viðburðarríkt þar sem tekist hafi með fyrirtækjakaupum ársins að gera Marel að leiðandi félagi á sínu sviði.

8. MARS 2007 - Aðalfundur Marels samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að ákveða útgáfu hlutfjárútknings í evrum í stað íslenskra króna.

9. MARS 2007 - Marel samstæðan kynnir nýja fyrirtækjaimynd, Marel Food Systems, sem stuðla á að „áframhaldandi vegferð samstæðunnar í átt að því að verða meðal fremstu fyrirtækja í heimi á sviði mat-

vælaíðnaðar. Marel Food Systems er sameinað andlit sölu og þjónustu fyrir meginvörumerkin fjögur: AEW Delford, Carnitech, Marel og Scanvægt“.

5. JÚNÍ 2007 - Nýtt skipurit lítur dagsins ljós þar sem rekstur Marels hér á landi er skilinn frá móðurfélaginu, Marel hf. og um hann stofnað nýtt dótturfélag, Marel ehf. Reksturinn hér verður sjálfstæð viðskiptaeining innan samstæðunnar við hlið AEW Delford, Carnitech, framleiðslufyrirtækis í Slóvakíu og Scanvægt.



Móðurfélagið heitir að fenginni uppáskrift hluthafafundar Marel Food Systems hf.

19. JÚNÍ 2007 - Dótturfélag Marel hf. kaupir dreifingar- og þjónustuhluta Maritech í Noregi af AKVA Group ASA. Framvegis dreifir Marel Food Systems sjálfstæð vörum samstæðunnar í Noregi.

5. JÚLÍ 2007 - Um leið og samþykkt er nafnbreyting samþykkir hluthafafundur Marel Food Systems aukna heimild til hlutfjárútkningar, eða um allt að 100 milljónir hluta að nafnvörði.

6. JÚLÍ 2007 - Í yfirlýsingu Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarformanns Marels, kemur fram að LME, eignarhaldsfélag Eyrís Invest, Marels og Landsbankans, hafi safnað sér 19,5 prósentu hlut í iðnsamstæðunni Stork í Hollandi og komi ekki til með að taka fram komnu yfirtökutilboði í bréfin.

17. JÚLÍ 2007 - Nýtt heiti, Marel Food Systems, verður virkt í kerfi Kauphallar Íslands.



FRUMLEGT BOÐSKORT Svona lítur út boðskort Marel Food Systems á kynningarfundinn vegna kaupanna á Stork Food Systems í síðustu viku. Í kassanum var miði þar sem fram kom að forstjóri og stjórnarformaður Marels, auk forstjóra SFS, myndu kynna kaupin í höfuðstöðvum Marels í Garðabæ. Einnig var í kassanum hvít fjöður, en óvist þó hvort hún er úr storki eða öðrum fiðurfénaði. MARKAÐURINN/VILHELM

flugidnaði. Við erum sammála báðum, en erum hins vegar ekki í neinu samstarfi við sjóðina," sagði Árni Oddur og kvað meginástæðu þess að farið var út í kaup á hlut í Stork á sínum tíma hafa verið að tryggja áframhaldandi gott samstarf fyrirtækjanna um leið og tryggja væri aðkoma Marels ef kæmi til breytingar á eignarhaldi eða uppskiptingar hjá Stork.

Í hönd fór hatrömm deila milli fjárfestingarsjóðanna og Stork. Sjóðirnir lögðu fram kærur á hendur stjórninni og blásið var til hluthafafundar þar sem lýsa átti á hana vantrausti. Stjórnin brá á það ráð að gefa út um miðjan desember 2006 sérstök hlutabréf sem heimild er fyrir í hollenskum lögum til að verjast yfirtöku. Málið endaði á borði viðskiptaráðs áfrýjunardómstóls í Amsterdam.

Hinn 18. janúar 2007 kom svo úrskurður dómstólsins þar sem vopnin voru slegin úr hendi Stork og því gert að draga til baka útgáfuna. Um leið voru felldar niður vantraustsályktanir hluthafafundarins og Stork skipaðir sérlegir tilsjónarmenn og hafin rannsókn viðskiptaháttum félagsins.

Þessi þróun mála hægði mjög á öllum framgangi, enda niðurstöðu rannsókna ekki að vænta fyrir

en eftir nokkra mánuði. LME og Stork tóku aftur upp viðræður, en þó ekki nema óformlegar vegna deilunnar við bandarísku sjóðina og þannig mölluðu hlutir fram á sumar þegar enn urðu vendingar. Hinn 19. júní kom fram yfirtökutilboð frá breska fjárfestingarsjóðnum Candover upp á 47 evrur á hlut. Í millitíðinni hafði LME tekið að auka rólega við eign sína í félaginu. Nokkrum dögum fyrir flaggaði félagið 11 prósent hlut. LME hóf að auka hratt við hlut sinn og varðist með því yfirtökunni. Þá voru aðrir hluthafar ekki uppnúmdir yfir tilboðinu, töldu það heldur ólág.

Í byrjun júlí náðast eign LME í Stork 20 prósent og ljóst að félagið gæti jafnvel eitt staðið á móti yfirtöku Candover, sem þurfti stuðning 80 pró-

sentu hluthafa. Lækka mátti þó það hlutfall með heimild stjórnar Stork og því ekki unninn varnarsigur. LME jók hins vegar hlut sinn jafnt og þétt, gengi bréfa Stork var heldur yfir yfirtökutilboðinu á markaði og því enginn þrýstingur á hluthafa að taka því. Um miðjan ágúst var LME með þriðjungshlut í Stork og orðið stærsti hluthafinn. Orðaður var sá möguleiki að félagið réðist í sína eigin yfirtöku á Stork í samvinnu við aðra fjárfesta.

Candover framlengdi boð sitt um hálfan mánuð í byrjun september, á sama tíma og hlutur LME í Stork var kominn í 43 prósent. Árni Oddur, sem er framkvæmdastjóri Eyrís, sagði með fjárfestingunni vera sýnda langtímaskuldbindingu gagnvart Stork-samstæðunni.

„Aukinn eignarhlutur er jafnframt ætlaður til að tryggja og vernda þá fjárfestingu sem þegar lögð í sagði hann.

Í hönd fóru þríhliða viðræður Candover, Stork og LME um lausn málsins. Um miðjan september dró Candover (eða London Acquisition, eignarhaldsfélag Candover) tilboð sitt til baka, en um leið héldu áfram viðræður félaganna. Stefnt var að niðurstöðu fyrir miðjan október, en hún skilaði sér ekki. Yfirlýsing var gefin út um að viðræður héldu áfram þar sem unnið væri að lausn öllum hagfelldum. Ljóst var orðið að markmið LME var ekki bara að tryggja samruna Marel og Stork Food Systems, heldur taldi félagið Stork álitlegan fjárfestingarkost með mikla vaxtarmöguleika.

SAMRUNI Á NÆSTA ÁRI

Niðurstaða viðræðnanna leit svo dagsins ljós 28. nóvember síðastliðinn þegar tilkynnt var um kaup Marel Food Systems á Stork Food Systems á 415 milljónir evra, nálægt 38 milljörðum íslenskra króna. Með kaupnum tvöfaldast velta og umfang Marels auk þess sem grundvöllur fyrir áframhaldandi innri vöxt og arðsemi er sagður hafa verið styrktur. Fjármögnun er sögð að fullu tryggð með sölu hlutabréfa í LME Eignarhaldsfélagi, útgáfu hlutabréfa, sem Landsbanki hefur sölutryggt, og með langtímalánsfjármögnun. Um leið var samið um þátttöku Eyrís Invest og Landsbankans í yfirtöku á því sem eftir stendur af Stork með Candover.

Hörður Arnarson, forstjóri Marel

Food Systems, var að vonum hæst-ánægður með áfangann. „Við erum að ná því markmiði sem við settum okkur í byrjun síðasta árs að verða eitt af leiðandi fyrirtækjunum á markaðnum. Það sem við ætluðum að gera á þremur fimm árum við á árum en

til gerum tveimur og göngum heldur lengra við ætluðum," sagði hann í viðtali við Fréttablaðið.

Samþættingarferli fyrirtækjanna hefst að fengnu samþykki samkeppnisfirvalda fyrir kaupunum, en það telur Hörður að gæti orðið í febrúarbyrjun næstkomandi. „Sú samþætting verður mun einfaldari en í fyrri yfirtökum," segir hann, en vörulínur fyrirtækjanna bæta hvor aðra upp og vegna samstarfsins þekkjast menn vel.

Eftir samrunann nemur markaðshlutdeild Marel og Stork Food Systems um sextán prósentum. Næsta félag á eftir er með um 10 prósent hlutdeild.

Nokkrir fyrirvara eru þó á kaupunum, en þeir snúa að því að fyrirhugað yfirtökutilboð London Acquisition N.V. um að kaupa alla hluti í Stork N.V. verði skilyrðislaust, um sögn verkamannaráðs Stork (Stork Works Council) verði jákvæð og samþykki samkeppnisfirvalda fáist. Þar til öllum formlegum skilyrðum hefur verið fullnægt heldur hvort fyrirtæki áfram sjálfstæðum og óbreyttum rekstri. Hjá Marel telja menn ólíklegt að vandkvæði finnist á samrunanum,

yfirtakan á Stork njóti stuðnings bæði stjórnar og stærstu hluthafa, verkamannaráðið horfi til þess hvort breytingin hafi slæm áhrif á verkafólkið, en þar muni ekkert breytast. Þá sé á markaði full samkeppni áfram og líkur á frekari samrunum og því ólíklegt að samkeppnisfirvöld sjái samrunanum eitthvað til foráttu.

2008 650 milljónir evra*

20 STÆRSTU HLUTHAFAR MAREL FOOD SYSTEMS*

Hluthafi	Eignarhlutur
Eyrís Invest	32,5%
Landsbanki Íslands	23,0%
Grundtvig Invest	14,0%
Atorka Group	3,8%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	2,8%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1,8%
Ingunn Sigurðardóttir	1,5%
Helga Sigurðardóttir	1,4%
Súsanna Sigurðardóttir	1,4%
Eignarhaldsfélag Hörpu	1,1%
Egill Vilhjálmur Sigurðsson	1,0%
Stapi lífeyrissjóður	1,0%
Marel Food Systems	0,9%
Landsbanki Luxembourg	0,6%
Saga Capital	0,6%
Hörður Arnarson	0,4%
Kristín Henriksdóttir	0,4%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	0,3%
Landssjóður hf.	0,3%
LI-Hedge	0,3%

*Miðað við hluthafalista 29.11.2007

hvert um sig með um átta prósentu markaðshlutdeild. Félögin höfðu átt í nánú samstarfi í átta ár og voru augljóst sameiningarkostur vegna þess að starfssvið þeirra skoruðust ekki.

Fjölmíðlar ytra höfðu nokkrum dögum fyrir fjallað um viðhorf fjárfestingarsjóðanna, en stjórn Stork setti sig upp á móti sölu. Hluthafafundur um miðjan október kaus hins vegar á þá leið að selja bæri jaðarstarfsemi frá Stork. Í Hollandi var sagt að í deilunni tækjust á köld peningahyggja bandarísku fjárfestingarsjóðanna og eldri gildi sem forstjóri Stork stæði fyrir. Forstjóriinn, Sjoerd Volle-

brecht, var á móti skiptingu félagsins og kvaðst hafa meiri áhuga á vexti þess, svo sem með yfirtöku á Marel.

Hlutafélagalög í Hollandi eru þannig að stjórn Stork var í sjálfsvald sett hvort hún færi að vilja hluthafa og kaus að gera það ekki. LME, eignarhaldsfélag Marels, Landsbankans og Eyrís Invest, sem þarna átti um átta prósentu hlut í Stork, hélt sig til hlés í deilunni. „Við erum ekkert frekar á bandi hedge-sjóðanna en stjórnarinnar. Stjórnendur Stork og Marel eru sammála um að þessi fyrirtæki séu fremst á sínu sviði og passi vel saman. Sjóðirnir vilja skerpa áherslur og að Stork einbeiti sér að grunnþættinum,

2007 290 milljónir evra*

EIGNARHALDIÁ HAUSTDÖGUM 2005



10. AGÚST 2007 - Í kynningu á hálsársuppgjöri segir Hörður Arnarson forstjóri Marels samþættingu á rekstri Marels, Carnitech, Scanvægt og AEW/Delford undir merkjum Marel Food Systems ganga samkvæmt áætlun. Hann bendir á að órói á fjármálamörkuðum kunnir að fela í sér tækifæri í ytri vexti fyrir vel fjármögnum skráð félög.

4. SEPTEMBER 2007 - Eignarhaldsfélag Candover, London Acquisition, framlengir yfirtökutilboð í allt hlutafé Stork í Hollandi til 18. september. LME, sem á 43 prósent í Stork, á í viðræðum við bæði London Acquisition og Stork varðandi tilboðið og mögulegar leiðir til úrlausnar. Þrýst er á um samruna Marel og Stork Food Systems og ljóst að LME muni ekki ganga að yfirtökutilboði Candover.

17. SEPTEMBER 2007 - Candover fellur frá yfirtökutilboði sínu í Stork þar sem ljóst er orðið að lágmarksfjöldi hluthafa samþykkir það ekki. Formlegum viðræðum er engu að síður haldið áfram hjá félögnum og niðurstaða boðuð fyrir miðjan október.

15. OKTÓBER 2007 - Tilkynnt að formlegar viðræður LME eignarhaldsfélags, Stork N.V. og Candover haldi áfram, en engin tímamörk sett á niðurstöðu. „Tilkynning um árangur viðræðna verður birt þegar það er viðeigandi," segir í frétt til Kauphallar.

28. NÓVEMBER 2007 - Marel Food Systems tilkynnir að félagið hafi náð samkomulagi við Stork N.V. um kaup á Stork Food Systems. Kaupverðið er 415 milljónir evra. „Með kaupnum tvöfaldast velta og umfang Marel auk þess sem grundvöllur fyrir áframhaldandi innri vöxt og arðsemi hefur verið styrktur," segir í tilkynningu. Áætlað er að kaupin verði frágengin og fyrirvarar uppfylltir fljótlega eftir áramót.

29. NÓVEMBER 2007 - Á kynningarfundum vegna kaupanna á Stork Food Systems fagna forsvarsmenn Marels því að markmiðum sem átt hafi að ná á þremur til fimm árum hafi náðst og vel það á innan við tveimur árum. Áhersla félagsins er nú sögð munu verða lögð á samþættingu og innri vöxt. Boðuð er útgáfa nýs hlutafjár að upphæ 147 milljónir evra til að fjármagna kaupin á SFS.



3. DESEMBER 2007 - Marel lýkur lokuðu hlutafjárútbóði þar sem safnað var rúmum 2,7 milljörðum króna. „Með útboðinu sem lauk á föstudag aflaði Marel sem samsvarar um 30 milljónum evra og breikkaði jafnframt og stækkaði hluthafahóp félagsins. Fyrirhugað er forgangsréttarútbóð á næsta ári að fjárhæð um 117 milljónir evra," segir í tilkynningu til Kauphallar.



FORSTJÓRAR KYNNA SAMRUNA Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, og Theo Hoen, forstjóri Stork Food Systems, á kynningarfundum Marels vegna yfirtökunnar á Stork í síðustu viku. MARKAÐURINN/GVA

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Mikilvægt var að ljúka endurskipulagningu FL Group.

Vandi hluthafa ýtti undir vanda FL

Björgvin Guðmundsson

Vandamál FL Group undanfarið hefur meðal annars falist í því að margir stærstu hluthafar félagsins hafa lent í erfiðleikum vegna óróleika á hlutabréfamörkuðum. Á það sérstaklega við þá sem hafa skulsett sig mikið í fjárfestingum sínum. Þeir vilja byggja hratt upp eignir þegar veislan stendur sem hæst. En menn eiga það til að gleyma sér þegar fjörið er mikið og allt hækkar í verði. Að sama skapi verður fallið hátt þegar markaðir lækka mikið af einhverjum ástæðum sem enginn einn hefur stjórn á. Tryggingar fyrir lánun falla í verði og lánardrottinn verða órólegir. Þá skiptir máli að hafa burði til að styrkja stöðuna, hlúa að eignum og bíða af sér óveðrið á mörkuðum.

Svo virðist sem margir hluthafar FL Group búi ekki yfir þeim fjárhagslega styrk. Þess vegna urðu þeir órólegir þegar gengi FL Group lækkaði eins og annarra álíka fjárfestingarfélag. Óþið bréf Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, til stjórnar bandarísku flugrekstrarsamstæðunnar AMR var tilraun til að snúa ákveðinni þróun við. Félagið hafði tapað miklum peningum á AMR á þriðja ársfjórðungi. Það tap endurspegladist í lækkingu á gengi FL Group. Aðrar eignir lækkuðu einnig í verði. Það þurfti að bregðast við til að bæta stöðuna og auka verðmæti hluthafa. Þeir þöldu illa frekari lækkanir á bréfum í söfnum sínum.

Þó að hluthafar þoli illa að verðmæti eigna þeirra lækki hefur FL Group verið fjárhagslega sterkt félag. Eigið fé þess var um 150 milljarðar króna í lok þriðja ársfjórðungs. Eiginfjárlutfallið var rúm fjórutíu prósent og hafði lækkað úr rúmum 54 prósentum í árslok 2006. Útlit er fyrir að tapið á fjórða ársfjórðungi hlaupi á tugum milljarða. En félagið hefur samt ekki verið í neinum gríðarlegum fjárhags-erfiðleikum. Erfiðleikarnir hafa verið bundnir við eigendahöpin.

Með þessu er ekki verið að gera lítið úr þeim fjárfestingar-ákvörðunum sem stjórnendur FL Group tóku í aðdraganda kreppu sem skekið hefur fjármálamarkaðinn með tilheyrandi lausafjárkreppu. Staðreyndin er samt sú að fjölmargir aðrir hafa lent í svipuðum aðstæðum og þurft að taka til í eignasafninu. Margir hafa tapað peningum í niðursveiflunni. En niðursveiflan kemur í kjölfar gósentíðar á hlutabréfamörkuðum. Fjárfestar hafa baðað sig í hagnaði undanfarinna ára. Erfiðir tímar skilja svo að þá sem hafa fjárfest af skynsemi og hina sem hafa hlaupið of geyst.

Uppstokkun í hluthafahópi FL Group gengur út á að styrkja félagið áfram til sóknar. Hins vegar geta hluthafar, sem eru aðþrengdir fjárhagslega, ekki tekið þátt í því verkefni. Peningar eru af skornum skammti og fjárfestar halda að sér höndum á viðsjárverðum tímum, ekki sist vegna þrýstings frá fjármálastofnunum. En svo virðist sem Baugur, með Jón Ásgeir Jóhannesson í forystu, hafi enn burði til að bæta fleiri byrðum á sig. Það er líklega ekki gert af góðmennsku einni saman heldur með von um að eignirnar skili honum og öðrum hluthöfum FL Group góðri ávöxtun með tímanum.

Stjórnendur FL Group hafa lagt áherslu á að ekki hafi dregið úr fjárfestingargetu félagsins í þessum hremmingum. Skynsamlegt var að losa um stöðuna í AMR úr því sem komið var. Ekki eru allar ferðir til fjár og skynsamir fjárfestar vita hvenær á að pakka saman þótt tapið sé stórt. Rökin fyrir þeirri ákvörðun var trúverðug.

Það var mikilvægt fyrir marga að endurskipulagning á FL Group gekk eftir. Fjárfestar eru reynslunni ríkari þótt enginn geti séð þróun á alþjóðlegum mörkuðum fyrir. Hvorki hingað til né hédan í frá. Meiri yfirvegum mun einkenna starfsemi FL Group eftir skipulagsbreytingar. Vandamál hluthafa má ekki verða vandamál FL Group.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfriður@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



JÓLAMATSÆÐILL Á KVÖLDIN

Spennandi og hátíðlegur
fimm rétta jólakvöldverður á 7.900 kr.

Borðapantanir í síma 552 5700
og á holt@holt.is.



Bergstaðastræti 37 Sími 552 5700 holt@holt.is www.holt.is



Um áhrif Íbúðalánasjóðs

ORD Í BELG

Ívar
Ragnarsson
sviðsstjóri
fjármálasviðs
Íbúðalánasjóðs



Á sumarmánuðum 2004 urðu þáttaskil á íslenskum fasteignamarkaði. Húsbrefakerfið var kvatt og þakkað fyrir ágætlega unnin störf og nýtt kerfi tekið upp gagnvart fasteignaviðskiptum. Íbúðalánasjóður skipti stærstum hluta húsbrefa fyrir ný skuldabréf – íbúðabréf – og út frá þeim voru afgreidd peningalán til viðskiptavina sjóðsins í stað húsbrefa. Nýju skuldabréfin höfðu nokkra lykilkosti umfram húsbrefin. Þau fengu láns hæfismat tveggja matsfyrirtækja, voru uppgjörshæf í Euroclear og flokkarnir voru fáir en stórir í stað margra lítilla flokka. Þessi breyting leiddi til umtalsverðrar kjarabótar fyrir fasteignakaupendur þar sem ávöxtunarkrafa íbúðabréfanna lækkaði töluvert við skiptin og lækkuðu útlánsvextir Íbúðalánasjóðs í kjölfarið. Í tveimur útboðum lækkuðu útlánsvextir sjóðsins um 0,6%, fyrst úr 5,1% í 4,8% og síðan í 4,5%.

Tæpum tveimur mánuðum síðar ákvað KB banki (nú Kaupþing) að bjóða íbúðalán á 4,4% vöxtum. Aðrar fjármálastofnanir fylgdu í kjölfarið inn á markaðinn og auglýstu í kappi hvor við aðra að þær myndu bjóða sambærilega vexti. Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa hélt áfram að lækka á þessum tíma sem endurspegladist í útlánsvöxtum Íbúðalánasjóðs sem enduðu í 4,15% og aðrar fjármálastofnanir fylgdu í kjölfarið. Það vill oft gleymast í umræðunni að það var vegna tilkomu íbúðabréfanna að ávöxtunarkrafa á markaði lækkaði eins og raun ber vitni og þar með útlánsvextir Íbúðalánasjóðs.

EFNAHAGSLEG ÁHRIF

Meginmunurinn á lánunum Íbúðalánasjóðs og annarra fjármálastofnana var tvenns konar. Fjármálastofnanirnar sem buðu upp á fasteignaveðlán á þessum tíma höfðu mun rýmri lánsfjárlingildir en Íbúðalánasjóður og lánunum um tíma allt að 100% lán að markaðsvirði eignar. Hitt sem ber að líta á er að fjármálastofnanirnar lánðu til endurfjármögnunar sem þýðir í raun að lánin voru ekki endilega tengd fasteignakaupum. Þegar slíkar kerfisbreytingar verða á markaði má gera ráð fyrir að allir fasteignaeigendur njóti góðs af hækkingu fasteignaverðis í kjölfarið. Slíkt gefur jafnvel tilefni til hærri endurfjármögnunararlans sem aftur eykur undir þenslu. Íbúðalánasjóður horfði upp á miklar uppgreiðslur gagnvart sjóðnum á þessum tíma og má ætla að stór hluti þeirra hafi verið tilkominn vegna endurfjármögnunar. Nettóútlán sjóðsins voru því neikvæð á þessum tíma og samtals lækkaði lánasafn ÍLS

um tæplega 100 milljarða króna á tæpu einu ári eftir að fjármálastofnanir hófu að bjóða sambærileg íbúðalán og Íbúðalánasjóður gerir. Breyting á hámarks láni Íbúðalánasjóðs hafði því lítil efnahagsleg áhrif enda er það bundið við ákveðið hámark og takmarkast við brunabótamat.

Húsnæðisliður vísitölu neysluverðs fór hækkandi á þessum tíma. Seðlabankinn brást við með hækkandi stýrivöxtum enda ber honum að bregðast við slíkri hækkun á vísitölu neysluverðs til að ná fram markmiðum sínum. Þessi vaxtastefna leiddi hins vegar til gríðarlegrar hækkunar á gengi krónunnar, sem þá var orðið áhyggjuefni. Hrína neikvæðrar umfjöllunar um íslenskt efnahagslíf leiddi síðan til þess að krónan veiktist um meira en 30% á innan við hálfu ári. Innflutt verðbólga jókst í kjölfarið og nýtt viðfangsefni blasti við Seðlabankann sem var mætt með tilheyrandi vaxtahækkunum.

ÚTBOÐ OG ÚTLÁNSVEXTIR

Útlánsvextir Íbúðalánasjóðs eru ákvarðaðar í kjölfar útboða íbúðabréfa og ræðst ávöxtunarkrafa þeirra á skuldabréfamarkaði. Íbúðalánasjóður ákvarðar tímasetningar útboða sem ráðast af lausafjárþörf og markaðsaðstæðum og tekur sjóðurinn mið af útgefnum áætlunum. Það er alveg ljóst að útlánsvextir sjóðsins hafa og munu ráðast af slíkum útboðum að því gefnu að sjóðurinn starfi áfram í núverandi mynd. Að ráðast í útboð í hvert sinn sem miklar sveiflur verða á ávöxtunarkröfu íbúðabréfa vekur spurning um hvort sjóðurinn eigi hreinlega að vera í daglegum útboðum íbúðabréfa. Það er ljóst að það mun sjóðurinn ekki gera enda væri slíkt til þess fallið að hverfa í form húsbrefa sem er ekkert annað en skref aftur á bak og myndi fyrir vikið skerða kjör lántakenda og vinna þar með þvert á lögbundið hlutverk sjóðsins.

VIÐFANGSEFNI SEÐLABANKANS

Meginþungi verðbólgunnar í dag er húsnæðisliður vísitölu neysluverðs. Hann er langstærsti þáttur hennar og því hafa hækkunar á honum mikil áhrif á vísitöluna. Vandinn sem þarna er við að etja er aftur á móti sá að þessi liður er að stærstum hluta fjármagnaður

með verðtrygðum langtíma-vöxtum, þ.e. langtíma raunvöxtum. Og til að berjast gegn þeim notar Seðlabankinn skammtíma nafnvexti. Það er alveg ljóst að fylgni skammtíma nafnvaxta og langtíma raunvaxta er ekki ýkja mikil og í raun getur hún verið þveröfug á köflum þegar skammtíma verðbólguvæntingar aukast. Því þarf Seðlabankinn að bregðast við með enn hærri skammtíma nafnvöxtum og reyna þ.a.l. að toga langtíma raunvextina með sér upp á við. Þetta hefur Seðlabankann tekist að nokkru leyti en áhrifin koma seint fram – enda löng leið fyrir skammtímanafnvexti að hafa teljandi áhrif út raunvaxtaferlinn.

HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Ef hátt fasteignaverð er vandamál fyrir Seðlabankann, er húsnæðisverðisliður vísitölu neysluverðs ekki síður vandamál og jafnvel löngu orðið tímabært að skoða fyrir alvöru áhrif þess að taka hann út úr vísitölu neysluverðs og þ.a.l. áhrif þess á vaxtastefnu Seðlabankans. Það kynni að vera skilvirkasta lausnin á viðfangsefninu. Það má vera að húsnæðisverð sé ákveðin vísibending um framvindu efnahagsmála en þarf þó ekki endilega að vera innan vísitölu neysluverðs vegna þessa.

Önnur leið sem kynni að leysa þennan vanda er afnám verðtryggingar. Sú aðgerð myndi leiða til mun hærri greiðslubyrði lána m.v. núverandi fyrirkomulag og þar með aukinnar skilvirki í peningastefnu Seðlabankans. Sú leið kann að vera afar umfangsmikil og þar að auki er innlendur nafnvaxtaferill í styttra lagi. Íslenskt efnahagslíf er langt frá því að vera undirbúið fyrir þess háttar framkvæmd.

Þriðja leiðin sem hægt væri að fara til að nálgast vandann væri upptaka evru. Afar erfitt er þó að segja til um hvort það vaxtastig sem nú stýrir evrunni leiddi til stöðugleika í íslensku efnahagslífi (þrátt fyrir að eyða að mestu út innfluttri verðbólgu) og er í raun ákveðið rannsóknarverkefni út af fyrir sig.

Hærrí stýrivexti en ella þarf til að berjast við húsnæðislið vísitölunnar í dag og þá væntanlega þeim mun lægri stýrivexti en ella ef mikil niðursveifla yrði á fasteignamarkaði. Við þær aðstæður sem hafa verið nefndar, er ekki einfalt að ná fram stöðugleika í innlendu efnahagslífi. Íbúðalánasjóður mun þrátt fyrir það halda áfram að vinna að lögbundnu hlutverki sínu, þ.e. að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

UM VÍÐA VERÖLD

Margir í klípu

Economist | Fleiri hafa komist í hann krappan síðustu daga en forkölfar í íslensku fjármálalífi. Breska vikuritið Economist segir gengi bréfa í þarlandum bönkum og fjármálafyrirtækjum hafa fallið um tæp tuttugu prósent síðan í sumar, ekki sist hjá Northern Rock. Taugatitringis gæti því eðlilega í röðum bankastarfsmanna sem horfa í auknum mæli á eftir samstarfsmönnum sínum taka poka sína. Þá er fyrirhugað að skera bónusgreiðslur þeirra sem eftir sitja við nögl um jólin. Ættingjar þeirra geti því átt von á ódýrari gjöfum nú en síðustu ár. Economist segir að dragist hagnaður fjármálafyrirtækja saman gildi það sama um skattgreiðslur fyrirtækjanna. Það sé slæmt fyrir breskt efnahagslíf enda hlutfall skattgreiðslna fjármálafyrirtækja stór biti í ríkiskassann.

Alveg að klára dæmið

Reuters | Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, segist vongóður um að í vikulokin verði til drög að frumvarpi sem auðveldi lántökum svokallaðra undirmálsána að greiða af þeim. Reiknað er með að frumvarpið fjalli um frýstingu vaxta á lánunum til ákveðins tíma en helst stendur í mönnum í frumvarpsgerðinni hve langur sá tími verður. Fréttastofu Reuters reiknast til að tvær milljónir Bandaríkjanna hafi tekið undirmálslán síðustu ár til að koma sér þaki yfir höfuðið. Lánin eru á breytilegum vöxtum og fylgja stýrivaxtastigi, sem var lágt fyrir nokkrum árum en hefur stigið hratt og lántakar eiga nú í basli með greiðslur. Stýrivaxtalækkun bandaríska seðlabankans hefur beinst að lækkingu skuldabyrðar en allt að hálf milljón manna á yfir höfði sér heimilismissi af þessum sökum.

SAGAN Á BAK VIÐ HANNES SMÁRASON, FYRRVERANDI FORSTJÓRA FL GROUP

Áhættusækinn á einkaþotu

Hannes Smárason hættir sem forstjóri FL Group í kjölfar hlutafjárútkningar í félaginu.

Verð hlutabréfa í félaginu á þessu ári hefur lækkað mikið. Öll hækkunin framan af árinu hefur gengið til baka og stærsta fjárfesting félagsins, um 10 prósent hlutur í AMR, sem á American Airlines, var seld með tapi fyrir helgi.

Framan af ári virtist sem leiðin lægi aðeins upp á við.

Hannes Smárason er á margan hátt holdgervingur fyrir tækisins og andlit þess. Athygli vakti að hann vildi að félagið

keypti undir sig einkaþotu svo hann ætti hægara um vik með að sinna viðskiptunum í ýmsum hornum heimsins. Hann ekur um á Porsche-jeppa og á meðal annars tvö einbýlishús í Þingholtunum í Reykjavík.

Hann varð fyrst verulega þekktur í íslensku viðskiptalífi fyrir tíu árum þegar hann var aðstoðarforstjóri deCODE. Samfara því eignaðist hann nokkurn hlut í fyrirtækinu.

Á árunum 1992 til 1996 starfaði hann sem ráðgjafi hjá McKinsley & Co. í Boston, eftir að hann hafði lokið MBA-prófi frá MIT

Sloan School of Management, og áður BS-gráðu í vélaverkfræði og stjórnun frá MIT-háskóla í Massachusetts.

Frá deCODE fór Hannes í flugfjárfestingar með félaginu Oddaflugi ásamt þáverandi tengdaföður sínum, Jóni Helga Guðmundssyni í Byko.

Síðar keypti hann Jón Helga út úr Oddaflugi.

Hannes eignaðist hlut í Icelandair og tók þátt í stofnun FL Group árið 2005. Félag hans, Oddaflug, átti ríflega fimmtings hlut í FL Group fyrir hlutafjárútkninguna.



Prátt fyrir að Hannes hafi oft verið gagnrýndur fyrir áhættusamar fjárfestingar og verðmæti FL Group hafi rýrnað að undanförunu hefur félagið undir hans stjórn orðið eitt helsta fjárfestingarfélag landsins á undanförunum tveimur árum og eignast hluti í félögum í mörgum löndum.

Meðal eigna FL Group eru hlutir í þýska Commerzbank og Finnair. Einnig á FL Group ráðandi hlut í Glitni banka, stór hlut í Geysi Green Energy, Northern Travel Holding og fleiri félögum.

- ikh

SPÁKAUPMAÐURINN

Í jólastuði

„Æsingur er þetta,“ var sirka það eina sem mér datt í hug þar sem ég stóð með viskíglasið fyrir utan íbúðina okkar á Costa del Sol á sunnudagskvöldið og virti fyrir mér jólakransinn sem ég hafði nokkrum mínútum áður hengt upp á nagla. Það er eins og allt ætli að fara til fjandans á skerinu heima þegar vísitalan keyrist niður á nokkrum vikum. Árið gufað upp, lindarsprænan sem hélt í mörgum lífinu uppurinn og síðasta hálmstráið að rifna upp með rótum. Einhverjir hanga á bláþræði giradír upp í topp og hugsu með hryllingi til allra heimatilbúnu jólagjafanna sem þeir þurfa að gefa vinum og ættingjum um jólin. Það eru miklar líkur á því að nokkrir komi til með að falla. Og þá er ég ekki bara að tala um skuldafenið sem bíður þeirra þegar tryggingar ná ekki lengur upp í veðlánin. Sumir nú þegar búnir að veðsetja húsið, konuna, börnin og báðar ömmurnar til viðbótar.

Þeir koma ekki fallegir inn í jólin, greyin. Í sömu jakkafötunum í jólaboðunum og í fyrri, loðnir í bak og fyrir án brasilíska vaxins sem þeir gátu ekki leyft sér á síðasta mánuði ársins. Eða höfðu ekki tíma til þess. Hafa heldur ekki efni á að kaupa sér tíma fyrir jólin, eins og ég.

Einhverjir gefa örugglega enga harða pakka fyrr en að ári í fyrsta lagi og óvíst hvort jólakortin verði með gullbryddingum eins og í fyrri. Ættboginn getur treyst á mig. Gísli frændi fær truckinn sem hann óskaði sér, Nína litla dúkkur frá Brasilíu og tengdó krem. Hjálparstofnanir hist og her fá svo styrk frá mér í gegnum jólakortakaupin.

Þótt jólin séu spennandi bíð ég spennastur eftir lista Frjálsrar verslunar á næsta ári og öðrum ágætum slúðurpappír um ríkustu menn landsins. Hverjir verða á listanum? Hverjir ekki? Þjöggararnir verða þar örugglega, Pálmi Haralds, Gísli Reynis, Jón Ásgeir og ... tja, kannski ég? Það yrði nú aldeilis gaman að sjá nafn manns á öðru en golfkúlum. Adios.

Spákaupmaðurinn á horninu



Jólamaturinn



Myndasamkeppni




Jólalögin



er partur af Vísi.is

VÍSI.IS

hjálpar þér við jólaundirbúninginn



Jólagjafirnar



Krakkajól



Jólabaksturinn



Ljósmyndasamkeppni

Matur · Krakkajól · Gjafahugmyndir · Jólasögur · Jólalög · Jólahaldið
Jólafréttir · Jólaréttir Jóa Fel · Jólaleikir...og margt fleira á jólavefnum okkar!

Allt um jólin - www.jol.is og www.visir.is/jol

Takk
fyrir
vatnið

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Al Gore ávarpaði gesti Landsbankans

Yfir fjögur hundruð fjárfestar, forstjórar og aðrir gestir hlýddu á orð Al Gore á orku- og umhverfisráðstefnu Merrion Capital, dótturfélags Landsbankans, í Dublin hinn 1. desember. Umhverfisvernd verður eitt af mikilvægustu verkefnum bankans á komandi árum, samkvæmt tilkynningu.

Yfir fjögur hundruð manns hlustuðu á fram-söguræðu Al Gore á orku- og umhverfisráðstefnu Merrion Capital, dótturfélags Landsbankans, í Dublin á Írlandi hinn 1. desember. Ávarp hans bar nafnið „Græn hugsun: Efnahagsstefna fyrir 21. öldina.“

Þegar Al Gore var kynntur til leiks sagði John Conroy, forstjóri Merrion Capital, að Dublin væri heiður að heimsókn Gore, „sem væri áhrifamesti maður um mikilvægasta málefni sem mannkynið stæði frammi fyrir í dag – loftslagsbreytingar“.

Gore sagði áheyrendum, meðal annarra írskum og alþjóðlegum fjárfestum og forstjórum stórra fyrirtækja, að það væri sér mikil hvatning hve ofarlega umhverfismál væru á baugi í alþjóðlegum markaðsviðskiptum. Hann fagnaði einnig möguleikum á að versla með endurnýjanlega orukvóta. Hann óskaði Írum til hamingju með góðan árangur í efnahagsmálum á undanförunum tíu árum. Þá sagði hann að „aukinni hagsæld [fylgdi] aukin siðferðisleg og pólitísk ábyrgð um að taka forystu í glímunni við loftslagsbreytingar.“ Þá sagði hann Írland geta gegnt lykilhlutverki meðal iðnríkja heims við að vekja athygli á umhverfisverndarmálum, í ljósi árangurs síns í viðskiptum og pólitískrar stöðu landsins.

Í fréttatilkynningu frá Landsbankanum segir að það sé sköðun bankans að alþjóðlegum fyrirtækjum beri skylda til að taka markvissa afstöðu til mikilvægra félagslegra og siðferðislegra mála og umhverfismála. Þar á meðal sé glíman við loftslagsbreytingar. Bankinn taki þátt í mörgum verkefnum til að framfylgja þeirri stefnu.

Landsbankinn hefur lýst yfir stuðningi við leiðbeiningar OECD fyrir fjölbjóðleg fyrirtæki samkvæmt tilkynningunni. Þá hafi bankinn verið meðal þeirra sem fyrst skrifuðu undir alþjóðlega yfirlýsingu fjármálastofnana um umhverfismál og sjálfbæra þróun. Bankaráð hafi lagt aukna áherslu á að fjárfesta í fyrirtækjum og verkefnum sem hvetja til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Bankinn hyggist leggja enn meira af mörkum til að stuðla að þróun á sjálfbærri nýtingu orku og auðlinda með því að nýta íslenska sérþekkingu á þessu sviði. Ísland sé í fremstu röð þegar kemur að notkun endurnýjanlegrar orku.


Á komandi árum verður umhverfisvernd eitt af mikilvægum verkefnum bankans, samkvæmt tilkynningunni. Landsbankinn hafi mótað sína eigin umhverfisstefnu. Með viðskiptastefnu sinni vilji bankinn styðja við nýja tækni og nýjar lausnir á sviði endurnýtanlegrar orku.

- hhs



AL GORE HUGSAR GRÆNT Fyrirverandi varaforseti Bandaríkjanna ávarpaði orku- og umhverfisráðstefnu Merrion Capital, dótturfélags Landsbankans, á dögnum.

MYND/JOHNY BAMBURY



HLJÓÐLÁTUR



7FBMF

TOYOTA 7FBMF er einstaklega hljóðlátur rafmagnslyftari. Hann er þægilegur, öruggur, áreiðanlegur og skilvirkur. Fáanlegur í níu útfærslum með lyftigetu frá 1600 til 5000 kíló. TOYOTA 7FBMF er lyftari fyrir þig hvort sem starfsemin snýr að fiskvinnslu, vöruhúsi eða stóriðju. Hafðu samband við okkur og við munum með ánægju veita þér nánari upplýsingar um TOYOTA 7FBMF.

TMH Iceland ehf - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is



TOYOTA

MATERIAL HANDLING



ÚTSTÍMS-HÓPURINN Fulltrúar tólf íslenskra fyrirtækja sóttu nýverið vinnufund í London á vegum Útflutningsráðs. Hópurinn var þátttakandi í Útstími, verkefni sem sniðir er að þörfum fyrirtækja sem leita að umboðsaðilum eða söluaðilum fyrir vöru eða þjónustu erlendis.

Undirbúa sókn á erlenda markaði

Fulltrúar frá tólf íslenskum fyrirtækjum hittust á tveggja daga vinnufundi í London í síðustu viku. Markaði fundurinn upphafir á þátttöku fyrirtækjanna í Útstími, verkefni á vegum Útflutningsráðs. Samkvæmt tilkynningu er verkefnið sérsníðið að þörfum þeirra fyrirtækja sem eru að leita að umboðsmönnum eða söluaðilum fyrir vöru og þjónustu á erlendum mörkuðum. Fulltrúar fyrirtækjanna hittu meðal annars ráðgjafa frá ýmsum löndum og tóku ákvörðun um aðferðafræði að baki markaðssókn sinni. Breskaráðgjafarfyrirtækið Euro-partnerships er samstarfsaðili Útflutningsráðs í verkefninu.

Þau tólf fyrirtæki sem taka þátt í Útstíms-verkefninu eru AGR, sem hyggst selja hugbúnað í Bretlandi, Hvalaskoðun Reykjavík, sem hyggst herða tök sín á

markaðnum í Svíþjóð og Bretlandi, Stiki, sem áætla að finna samstarfaðila í Bretlandi, Alrún, sem áætla að hefja útflutning á skartgripum til Svíþjóðar og Danmerkur, skartgripafyrirtækið Sign sem hyggur á landvinninga í Svíþjóð, Líftækniyrirtækið Norðurbragð, sem áætla að auka sölu sína í Bretlandi, GT-Group sem leitar markaða fyrir vörur sínar í Bretlandi, Borgarplast sem leitar markaða í Tyrklandi og Mexíkó, Mentor, sem hyggst styrkja stöðu sína í Svíþjóð og leita nýrra markaða í Bretlandi, skartgripaframleiðandinn Aurum sem mun leita umboðsmanna í Bretlandi, fyrirtækið Húfur sem hlæja leitar umboðsmanna í Noregi og Finnlandi og vefyfyrirtækið Digital Horse markaðssetur vörur sínar í Svíþjóð.

- hhs

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



489 milljónir króna fyrir kaupréttarsölu

Össur hf. hefur selt kauprétt að húsnæði félagsins að Grjóthálsi 5 fyrir 7,9 milljónir Bandaríkjadala. Það nemur rúmum 489 milljónum íslenskra króna. „Við höfum verið að leigja húsnæði hér í tíu ár, frá því árið 1997. Í þeim leigusamningi var kaupréttarákvæði sem miðaðist við markaðsverð þess tíma. Síðan hefur það hækkað mjög í virði. Því var mjög hagstætt fyrir okkur að selja kauprétt-

inn,“ segir Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill Össurar.

Upphæðin verður tekjufærð sem aðrar tekjur á fjórða ársfjórðungi 2007 og mun auka hagnað félagsins fyrir skatta sem því nemur.

Salan hefur ekki aðrar breytingar í för með sér fyrir Össur. „Það er í raun ekkert að breytast hjá okkur. Höfuðstöðvar okkar eru enn á Grjóthálsi og ekki stendur til að fara þaðan.“ - hhs

Afhjúpa skjöld og stiku

Níutíu ár eru frá lagasetningu um löggildingarstofu.

Í ár eru 90 ár liðin frá setningu fyrstu laga um löggildingarstofu hér á landi. Af því til efni var um helgina afhjúpaður við Þingvallakirkju upplýsingaskjöldur og álna-stika.

Að athöfninni stóðu Samtök verslunar og þjónustu (SVP) og Neytendastofa, í samvinnu við Landsbankann og Þingvallanefnd. „Rétt mál og vog eru forsenda ásættanlegrar verslunar sem síðan er undirstaða menningar og þroska þjóða. Því er þýðing stikulanganna og tilvitnaðra löggildingarlaga áréttuð af samtökum verslunarinnar og þeirri stjórnsýslustofnun sem löggilding heyrir undir með upplýsingaskilti og stiku við Þing-



ÞINGVALLABÆR OG -KIRKJA

vallakirkju,“ segir í tilkynningu um atburðinn.

„Menn skulu mæla vaðmál og léreft og klæði öll með stikum þeim er jafnlangar eru tíu sem kvarði tvítugur sá er merktur er á kirkjuvegg á Þingvelli,“ segir í Grágás, elstu lögum sem til eru um lengdar-mælingu.

Athöfnin fer fram klukkan eitt í dag. Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP og Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, setja athöfnina, en Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra afhjúpar. Þá flytur Helgi Þorláksson, prófessor í sagnfræði, fróðleiksmola um mælingar til forna. - óká

Hluthöfum fækkar

Eignarhald í skráðum félögum er þröngt. Eignarhlutur einstaklinga hefur lækkað. Virðingarleysi við reglur vandamál.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Eignarhald á íslenska hlutabréfamarkaðnum er þröngt og hlutdeild einstaklinga í skráðum félögum hefur lækkað.

Í samantekt Fjármálaeftirlitsins kemur fram að stærsti eigandinn í félögum sem mynda úrvals-vísitöluna er að meðaltali með 31 prósentu eignarhlut. Sé horft til tveggja stærstu eigendanna hækkar eignarhluturinn samanlagt að meðaltali í 45 prósent.

Hlutdeild einstaklinga í hlutfé skráðra félaga hefur lækkað úr 17 prósentum í 11,6 prósent milli ára 2002 og 2006. Hlutdeild þeirra aðila sem einkum fjárfesta fyrir hönd almennings hefur líka lækkað. Hluteild lífeyrissjóða fór úr 12 prósentum í 9,6 prósent á sama tímabili og hlutdeild verðbréfasjóða úr 4 prósentum í 1,2 prósent.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hefur vakið máls á því hvort lækka eigi yfirtökumörk í skráðum félögum, sem nú miðast við 40 pró-

DÆMI UM YFIRTÖKUSKYLDU

Yfirtökunefnd sagði að Vogun, félag Árna Vilhjálmssonar og Kristjáns Loftssonar, væri yfirtökuskyld í Hampiðjuni. Það gekk til baka gegn því að félagið myndi selja niður fyrir yfirtökumörkin. Forsendan var að það hefði ekki verið ætluð þeirra að fara yfir yfirtökumörkin.

Annað dæmi er þegar Baugur og Oddaflug urðu yfirtökuskyld í FL Group. Félagin komu sér undan yfirtökuskyldu með því að Landsbankinn breytti stöðu þeirra í félaginu í framvikran samning. Samkvæmt því var bankinn eiginlegur handhafi bréfanna en félagin nutu gengismunar og markaðsáættu af þeim. Samt er augljóst að banki, sem heldur á bréfum sem eru fjármögguð fyrir félagin, myndi ekki beita atkvæðisrétti á móti félagunum sem þeir lána.



FUNDUR FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS UM YFIRTÖKUREGLUR Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, hefur velt upp þeirri spurningu hvort lækka eigi yfirtökumörk í skráðum félögum.

sentu eignarhlut eins eða tengdra aðila. Hann segir að yfirtökuskyldan eigi að tryggja minnihlutunum rétt til að geta losað hlut sinn á viðunandi kjörum kjósi hann það.

„Á Íslandi hefur verið miðað við það að yfirráð næðust við 40 prósentu atkvæðavægi sem er nokkuð á skjön við önnur Vestur-Evrópuríki. Þetta viðmið virðist hafa verið ákveðið án sérstakra rannsókna eða rökstuðnings,“ segir Jónas.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur boðað endurskoðun á núgildandi yfirtökureglum. Hann segir mikilvægt að vernda eigendur sem lent hafi í minnihluta í félagi. Farið verði yfir reglur um yfirtökuskyldu og tilboðsskyldu.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital fjárfestingarbanka, hefur varað markaðsaðila við frjálslægri umgengni við reglur um yfirtökuskyldu. Hann segir dæmi um slíkt virðingarleysi á íslenska markaðnum sem til lengri tíma rýri traust og hægi á vexti hans.

Þorvaldur segir að þröngt eignarhald í íslenskum félögum og stundum „grunsamlega“ góð kynni manna á milli kalli á að reglurnar séu skýrar og farið sé eftir þeim þannig að utanaðkomandi fjárfestar treysti sér til þátttöku.

Ugla sat á kvisti... ..og það ert þú...
...sem verður fyrir barðinu á innbrotspjófum næst?
...sem verður fyrir því að vera rændur næst?

Er ekki nóg komið – láttu þá sem þegar hafa orðið fyrir þessu verða þér næg aðvörðun.

Skammdegið er verstí tími ársins til þess að vera óvarinn eða ekki nógu varinn.

Við bjóðum upp á mikið úrval öryggisskápa, eldtrausta skápa, uppgjörsskápa, allar stærðir og gerðir, bæði á lager og sérpantanir sem eru 2-3 vikur að skila sér. Vörulistana er hægt að nálgast á http://las.is/vorur_peningask.htm

Einnig bjóðum við upp á öryggiskerfi sem hringt getur í 6 símanúmer með mismunandi skilaboðum, allt eftir því hvað það var sem setti kerfið af stað. Í þetta kerfi er hægt að fá hreyfiskynjara, hurðar/glugga-skynjara, reykskynjara, fjarstýringar, neyðarhnapp, auka stjórnborð. Mjög auðvelt í uppsetningu og traust kerfi.

Komdu við og fáðu ráðleggingar hjá fagmönnum, við seljum eingöngu öryggisskápa og öryggiskerfi sem við höfum prófað og treystum fullkomlega og getum veitt fulla þjónustu á.

Neyðarþjónustan – Laugavegi 168
562-5213 – www.las.is – las@las.is



DAÐUR Í LÍFI...

Runólfs Ágústssonar, framkvæmdastjóra Keilis

Runólfur Ágústsson er framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á gamla varnarsvæðinu í Keflavík. Keilir vinnur að uppbyggingu háskólastarfs og háskólasamfélags þar. Alls hafa 500 íbúðir verið leigðar út til háskólanema og fjölskyldna þeirra en á háskólasvæði Keilis munu um næstu áramót búa um 1.100 manns.

5.30 Glöðvakna um miðja nótt eins og oft áður þessa síðustu og verstu... Sú tíð er því miður liðin þegar maður gat sofð á morgnana. Fer fram, hleypi hundinum út að pissa og opna svo tölvuna. Undirbý kynningu fyrir væntanlegan fund í hádegjun og svara nokkrum tölvupóstum. Þegar klukkan nálgast 8 er kominn tími til að smella sér í snögga sturtu og tína á sig leppana.

8.15-8.45 Morgunmatur á Prikinu. Prikid er uppáhaldskaffihúsið mitt og hefur þann kost að vera nánast við hliðina á helgarathvarfi mínu við Ingólfsstæti. Þar hef ég yfirleitt vinnuvikuna á mánuðagsmorgnum með Cheeriosi og mjólk ásamt glasi af latte og appelsínusafa. Skanna yfir blöðin og spjalla við aðra kaffihúsgæsti sem flestir eru fastakunnar.

8.45-9.25 Reykjanesbraut. Það tekur mig um þrjú korter að aka frá miðbæ Reykjavíkur suður á Vallarheiði. Þessi bíltúr í byrjun vikunnar er góður tími. Annaðhvort hugsa ég um verkefni framundan eða tala í símann. Tíminn nýttist í báðum tilfellum vel.

9.25-12.30 Heilsa samstarfsfólki mínu og á með því ýmsa smáfundu um hin og þessi verkefni. Svara tölvupósti jafn öðum og hann berst og tek nokkur símtöl. Undirbý verkefni vikunnar.

12.30-13.30 Kynning á starfsemi Keilis og Háskólavalla. Eftir fundinn sýnum við gestum húsnæði og aðstöðu á Vellinum.

13.30-15.00 Hefðbundin skrifstofuvinnu, ýmislegt snatt og tilfallandi verkefni.

15.00-17.00 Vinnufundur með Þorsteini Inga Sigfússyni og Hallgrími Jónassyni frá Nýsköpunarmiðstöð um fyrirhugað samstarf. Mál í því sambandi undirbúin fyrir næsta stjórnarfund Keilis.

17.00-17.30 Gönguferð með hundkvikindið um Vallarheiði í blískaparveðri.

17.30-20.00 Eftir stutt stopp í verslun Samkaupa á háskólasvæðinu er kominn tími á síðdegisúr í sófanum. Síðan eldamennska, matur og fréttaneysla.

KL. 20.00-23.00 Skanna tölvupóst og net. Hringi í syni mína og spjalla. Set síðan inn hugleiðingar um nýju bókina hennar Elísabetar Jökulsdóttur á heimasíðuna mína, www.runolfur.is. Skrif síðan upp í rúmið mitt á East Avenue 1215 á Keflavíkurlflugvelli og les Ösku eftir Yrsu Sigurðardóttur.



MORGUNMATUR Á PRIKINU Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, hefur flesta sína mánuðaga með Cheerios, latte og appelsínusafa á Prikinu. MARKAÐURINN/GVA

Farsímminn út á lífið

Sérstakir farsímar undir ákveðnum tískumerkjum þykja einkar vinsælir hjá konum þegar farið er út á lífið.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Ég þarf alltaf að eiga nokkra farsíma og er með þrjá í takinu núna,“ segir Katrín Olga Jóhannesdóttir. Hún segist þurfa marga síma starfs síns vegna en hún er framkvæmdastjóri einstaklingsviðs Símans. Þrjúkið eru BlackBerry Pearl, Sony Ericsson, sem styður þriðju kynslóð í fjarSKIPTA- tækni, og farsími frá LG undir merkjum Prada. „Hann er sérstaklega flottur. Ég tek hann með þegar ég fer út á lífið.“

Katrín og fleiri konur sem Markaðurinn ræddi við sögðu farsímamann afar mikilvægan. Einn ákveðinn sími væri iðulega notaður í daglegu lífi en flottari síminn væri brúkaður við sérstök tækifæri, svo sem þegar farið væri út á lífið. Aðrir símar sem komu upp í samtölunum voru Dolce Gabbana-síminn frá Motorola, sem þykir afar flottur, og samlokusímar – gjarnan í bleikum lit – sem þykja sérstaklega höfða til kvenna. Katrín segir ljóst að farsímaframléiðendur hafi í síauknum mæli sett síma á markað sem eigi að höfða til þeirra. Það virki oft, að hennar sögn.

Viðmælendur Markaðarins bentu sömuleiðis á að færst hafi í vöxt að kaupa ýmsa fylgihluti með símunum, lítið skraut – oft nafn eða tákn – sem hangi á þeim. Katrín bendir á að fylgihlutir sem þessir séu ekki bara skraut heldur afar hagnýtur hlutur. „Þá sjáum við þá í töskunum okkar, annars tynast þeir bara,“ segir hún, hlær og bætur við að hún sé lítið fyrir hluti sem þessa, taki frekar aðeins lengri tíma í að gramsa eftir farsímanum.

Katrín lítur á BlackBerry-símtækið sem skrifstofuna. Hann noti hún mest enda geti hún þar nálgast tölvupóst og fleira. „Þetta er nettari tegundin, er líkari venjulegum farsíma en hinar gerðirnar. Við konurnar viljum alltaf hugsa um útlitið,“ segir Katrín og bendir á að smærri símar og þynnri, svo sem samlokusímar, rúmist betur í jakka eða veski kvenna en breiðari símar. Nokkrar gerðir eru til af BlackBerry-símum en Perlan, eins og Katrín kallar sinn þarfasta þjón, er í smærri lagi. „Við nennum ekki að hafa hlunka í töskunni,“ segir hún.

Prada-síminn skipar sérstakan sess í huga Katrínar og má líkja því við að hún sé að ræða um listmun eða gæðahross þegar spjallið berst að honum: „Hann er rosalega flottur og virkar vel þegar maður vill vera góður á því úti á lífinu,“ segir hún. Síminn styður ekki þriðju kynslóð í farsímatækni



MÆÐGUR SÝNA SÍMANA Hrafnhildur Erna, fimm ára dóttir Katrínar, fékk á dögunum sérstakan farsíma fyrir börn. Síminn er af einföldustu gerð; einungis hægt að taka á móti símtölum og hringja í fimm fyrirfram ákveðin númer. „Þetta er skiljanlega algjört öryggisæki,“ segir Katrín, sem hér sýnir hinn margrómaða síma frá LG undir merkjum Prada. MARKAÐURINN/VALLI

en hefur upp á flest annað að bjóða sem prýðir farsíma í dag. „Og þegar ég tek hann með mér er það svolítið eins og að klæða sig upp,“ segir Katrín. „Þetta er hluti af því að fara út.“

Gjarnan er sagt að finni tískusímar á borð við þann frá Prada, sem suður-kóreski hátækni-framléiðandinn LG framléiðir, sé gagnslaut glyss sem nýttist í fátt annað en til skrauts. Katrín vísar slíkum fullyrðingum út á hafsauga: „Hann er með snertiskjá, líkist svolítið iPhone frá Apple og eiginlega gæti ég sagt að ég væri að undirbúa mig,“ segir Katrín og bendir á að klukkan framan á símanum sé svolítið öðruvísi en gengur og gerist á farsímum enda líti hún út eins og venjuleg klukka. „Það er svolítið öðruvísi upplifun að nota hann. Hann lítur náttúrulega æðislega út – er kolsvartur og hentar mjög þeim sem líkar við litinn,“ segir Katrín Olga.

SÍMAR SEM KOMA VIÐ SÖGU

Heiti	Verð
BlackBerry Pearl	49.000*
LG Prada	69.000**
Motorola Dolce & Gabbana	39.995**

* Vodafone ** Farsímalagerinn



EKKI ALVEG EINS OG ÖMMUKLUKKA Katrín er sérstaklega hrifin af klukkunni á Prada-símanum. MARKAÐURINN/VALLI

FRÍSTUNDIN

Ekki þessi íþróttatýpa

„Ég var orðin 37 ára gömul og farin að fitna dálítið hressilega, svo ég skellti mér í líkamsrækt til að ná af mér spikinu,“ segir María Richter brosandí. Hún er framkvæmdastjóri Byggingar ehf. og líklega eina konan sem stýrir slíku fyrirtæki hér á landi.

Hún keppti í vaxtarækt en síðan greip hana golfbakterían. Hins vegar segist hún lítinn áhuga hafa haft á íþróttum framan af.

„Ég er ekki þessi íþróttatýpa,“ segir hún og brosir.

María hefur rekið byggingafyrirtækið í næstum tvo áratugi ásamt manninum

sínum og tveimur öðrum hjónum. Hún segist framan af ekki haft mikinn tíma fyrir áhugamál. Allur tíminn hafi farið í vinnuna og barnaupplendi en hún á tvær uppkomnar dætur.

„Ég var farin að sjá að ég hefði þá meiri tíma fyrir mig og ákvað að finna mér eitthvert áhugamál,“ segir María um vaxtaræktina. Hún keppti þrisvar á Íslandsmóti og náði öðru sætinu í sínum flokki í öll skiptin.

„Ég er nú bara lukkuleg með að hafa komist lifandi frá þessu. Mér finnst það nú eiginlega afrek að standa á þínulitlu bikiníu uppi á svið-

inu á Broadway,“ segir María og hlær.

Eftir þrjár keppnir fannst henni komið nóg. „Ég var komin yfir fer-tugt og ákvað að prófa golfið.“

Það segist hún aldrei hafa ætlað að gera fyrr en í ellinni. „En núna sé ég eiginlega eftir því að hafa ekki byrjað á þessu fyrr. Þetta er skemmtilegast í heimi.“

Þau hjónin sinna golfinu saman og fara þrisvar til fjórum sinnum í viku yfir sumar-tímam.

„Þá er hægt að vera að þessu langt fram á kvöld.“ Síðan fara þau stundum aði neglurnar.“



vestur um haf til að spila, en þau eiga sér athvarf á Flórída.

María segist kynnst mjög mörgum í golfinu. Stundum fari hún hring með ókunnugu fólki. „Þetta er gaman. Maður hittir marga og spjallar og kynnist öðrum.“

María segir mikilvægt að þau hjónin séu bæði í golfinu.

„Hann er með verri bakteríu en ég,“ segir María hlæjandi. „Það fer svo mikill tími í þetta að ef hann væri í þessu einn þá hengi ég bara heima og nag-

- ikh



VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

EKKERT JÓLAFRÍ YFIR 60 BEINAR ÚTSENDINGAR

STÓRU LIÐIN MÆTAST Í DESEMBER

LIVERPOOL – MAN. UTD.
ARSENAL – CHELSEA

LAUGARDAGUR 1. DESEMBER

Chelsea – West Ham
Blackburn – Newcastle
Aston Villa – Arsenal
Portsmouth – Everton
Reading – Middlesbrough
Wigan – Man. City
Sunderland – Derby

SUNNUDAGUR 2. DESEMBER

Liverpool – Bolton
Tottenham – Birmingham

MÁNUDAGUR 3. DESEMBER

Man. Utd. – Fulham

MÍÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER

Newcastle – Arsenal

LAUGARDAGUR 8. DESEMBER

Aston Villa – Portsmouth
Man. Utd. – Derby
Reading – Liverpool
Chelsea – Sunderland
Newcastle – Birmingham
Everton – Fulham

SUNNUDAGUR 9. DESEMBER

Middlesbrough – Arsenal
Blackburn – West Ham
Tottenham – Man. City
Bolton – Wigan

LAUGARDAGUR 15. DESEMBER

West Ham – Everton
Fulham – Newcastle
Man. City – Bolton
Portsmouth – Tottenham
Birmingham – Reading
Sunderland – Aston Villa

SUNNUDAGUR 16. DESEMBER

Liverpool – Man. Utd.
Arsenal – Chelsea

LAUGARDAGUR 23. DESEMBER

Arsenal – Tottenham
Liverpool – Portsmouth

Aston Villa – Man. City
Middlesbrough – West Ham
Reading – Sunderland
Bolton – Birmingham

SUNNUDAGUR 23. DESEMBER

Man. Utd. – Everton
Newcastle – Derby
Blackburn – Chelsea

MÍÐVIKUDAGUR 26. DESEMBER

West Ham – Reading
Sunderland – Man. Utd.
Portsmouth – Arsenal
Derby – Liverpool
Chelsea – Aston Villa
Tottenham – Fulham
Everton – Bolton

FIMMTUDAGUR 27. DESEMBER

Man. City – Blackburn

LAUGARDAGUR 29. DESEMBER

West Ham – Man. Utd.
Everton – Arsenal
Chelsea – Newcastle
Tottenham – Reading
Sunderland – Bolton
Portsmouth – Middlesbrough

SUNNUDAGUR 30. DESEMBER

Derby – Blackburn
Man. City – Liverpool

FRÍÐJUDAGUR 1. JANÚAR

Fulham – Chelsea
Arsenal – West Ham
Man. Utd. – Birmingham
Middlesbrough – Everton
Reading – Portsmouth
Aston Villa – Tottenham

MÍÐVIKUDAGUR 2. JANÚAR

Newcastle – Man. City
Blackburn – Sunderland
Bolton – Derby
Liverpool – Wigan

4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS

Guðni Bergsson og Heimir Karlsson standa vaktina ásamt vel völdum sparspekingum.

**FRÁBÆRT
BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!**
TVÆR STÖÐVAR
AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS
6.790 KR. Á MÁNUÐI
Í DESEMBER OG JANÚAR.

SYN SYN2 Fjölvarp

SYN2
enski boltinn



BANKA HÓLFID



NORRÆNI FJÁRFESTINGARBANKINN

Bíður starf hjá Milestone?

Stefán Jón Friðriksson hefur sagt upp starfi sínu hjá fjármálaráðuneytinu og hyggst fara í starf hjá Norræna fjárfestingarbankanum.

Forverar Stefáns hjá NIB hafa átt afturkvæmt í góðar stöður. Þannig var Guðmundur Ólason starfsmaður einkavæðingarnefndar eins og Stefán. Hann fór til NIB og endaði sem forstjóri Milestone, eins sterkasta fjárfestingarfélag á Íslandi. Þór Sigfússon var aðstoðarmaður fjármálaráðherra. Hann fór til NIB og er nú forstjóri Sjóvár, sem Milestone á. Benedikt Árnason var í fjármálaráðuneytinu, fór til NIB og er nú aðstoðarforstjóri Aska þar sem Milestone er stór hluthafi. Nú er bara spurning hvaða starf bíður Stefáns hjá Milestone-félögum þegar hann snýr aftur.

Hætt

Freyr Þórðarson, Benedikt Gíslason, Jóhann Steinar Jóhannsson, Willie Blumenstein, Styrmir Sigurjónsson, Brynjar Hreinsson, Guðmundur Þórðarson, Björgvin Ingi Ólafsson, Margit Robertet, Markús Máni Michaelsson, Ægir Birgisson, Jesper Jóhannsen og Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir hafa hætt störfum hjá Straumi á Íslandi í ár. Bæði Margit og Nanna keyptu hluti í Straumi í janúar 2006 á genginu 17,4 með sölurétti sem tryggði þær fyrir tapi. Við lok markaðarins í fyrradag var gengi bréfa Straums 16,9. Seldu þær?

Fólk fer ekki í grænmetið

Með kaupnum á Stork Food Systems er Marel komið með öflugra stöðu í þjónustu við allar tegundir kjöts í matvælaíðnaði, sama hvort það er fuglakjöt, fiskmeti eða annað kjöt. Á kynningarfundum vegna kaupanna á fyrirtækinu fyrir helgi hafði Hörður Arnarson, forstjóri Marels, orð á mikilvægi þessa. Í matvælaíðnaði geta nefnilega komið upp áföll á borð við fuglaflensu eða kúariðu sem tímabundið fælar fólk frá einni tegund kjöts. „En fólk þarf sitt prótein og almennt gerist það ekki grænmetisætur,“ sagði Hörður á kynningunni og vísaði til þess að áfall í einni grein matvælaíðnaðar væri þá ávísun á aukningu í annarri.



38 milljarðar króna sem Marel Food Systems borgar fyrir Stork Food Systems.

15 milljarða rýrnun á verðmæti bréfa FL Group í flugrekstrarsamstæðunni AMR, móðurfélagi American Airlines, frá því fyrst var fjárfest í félaginu þar til hluturinn var seldur í síðustu viku.

14% lækkun úrvalsvisitölnunnar í nóvember. Vísitalan hefur aldrei lækkað jafnmikið á einum mánuði.

Áberandi glæsilegur

7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...

Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

MEIRA RÝMI

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" Álfelgur
- Aksturtölva

MEIRI KRAFTUR

- ARP - Veltivörn
- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira....

MEIRI BÚNAÐUR

Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík
sími 590 2000 - www.benni.is

Áberandi glæsilegur
Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

CHEVROLET
STERKUR FRÁ GRUNNI

Egilsstaðir - Bilasala Austurlands
Fagradsalsbraut 21, sími 471 3005

Akureyri - Bilasalan Ós
Njarðarnesi 1, sími 462 1430

Borgarnes - Bilasala Vesturlands
Sólbakka 2, sími 437 2100

Reykjanesbær - Bilahornið hjá Sissa
Brekustíg 38, sími 420 3300

Pantið laxinn tímanlega fyrir viðskiptavinum erlendis

Við sjáum um alla fyrirhöfnina www.icefood.is

ÍSLENSK MATVÆLI

Efnalaugin Björg

Gæðahreinsun
Góð þjónusta
Þekking

Opið: mán-fim 8:00 - 18:00
föst 8:00 - 19:00
laugardaga 10:00 - 13:00



Myndavél með
sjálfstæðan vilja



Myndirnar úr
myndavélinni
Holgu verða oft
æði skrautlegar.

BLS. 2

tölvur & tækni

MIÐVIKUDAGUR 5. DESEMBER 2007



FRÉTTABLAÐIÐ



Tilboð,
frá 16.900,- stgr.

Sjáðu sjónvarpsefni beint um gervihnött með búnaði frá okkur

Búnaður fyrir heimilið
og sumarbústaðinn

Leiðandi í

- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

ÖREIND

Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660 - oreind@oreind.is



www.oreind.is

Myndavél með sjálfstæðan vilja

Með tilkomu stafræna myndavéla spáðu margir að dagar filmuvéla væru taldir. Að mörgu leyti virðast þessir spádómar vera að rætast, enda fátt eðlilegra miðað við yfirburði stafrænu tækninnar. Ein tegund myndavéla heldur þó merki filmutækninnar á lofti og er vinsælli en aldrei fyrr, Holga-myndavélin.



Holga-myndavélin hefur unnið sér það til frægðar að taka upp á eigið eindæmi myndir sem líta út eins og ljósmyndari hafi legið yfir þeim tímum saman í

Photoshop eða öðrum myndvinnsluforritum, abstrakt-myndir þar sem fókusinn er margskiptur, ljós og litir blæða og stundum skreytir hún myndum saman með óvæntum og mjög svo ánægjulegum árangri.

Ástæðan fyrir þessum sjálfstæða vilja Holgunnar er einfaldlega að hún er svo illa



Á vefsíðunni www.lomography.com má finna ýmislegt um Holga-myndavélinna.

smíðuð. Hún er öll úr plasti, jafnvel linsan er plast í flestum gerðum hennar. Hún er svo illa samsett að rúlla af svörtu límbandi fylgir vélinni til að líma fyrir allar þær rifur sem hugsanlega geta hleypt ljósi inn að filmunni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. En þar liggja líka töfrarnir. Engar tvær vélar eru eins og eftir óteljandi pirrandi tilraunir, þar sem myndirnar eru aldrei eins



Holga-myndavélin kom á markað árið 1982 í Kína. Henni var ætlað að verða fjölskyldumyndavél lýðsins og þess vegna var kostnaði haldið í lágmarki.

og ljósmyndarinn ætlar sér, áttar hann sig á því að myndavélin tekur myndirnar, ekki ljósmyndarinn.

Þessir kostir Holgunnar hafa gert hana gríðarlega vinsæla meðal áhuga- og atvinnuljósmyndara sem og þeirra sem hafa áhuga á því að leika sér að mismunandi tækni. Myndavélin hefur selst í fleiri hundruðum þúsunda eintaka um heim allan síðan hún



Myndirnar úr Holgunni eru oftast en ekki ævintýrlegar. Þetta er að stórum hluta að þakka 120 mm filmunni, en hefðbundnar filmuvélar notast við 35 mm filmur.

kom á markað og stendur sem sönnun þess að stundum er minna meira.

Hægt er að nálgast Holga-myndavélar í gegnum netið, til dæmis á www.lomography.com, og kostar hún almennt um 70 evrur, eða rúmlega 6.500 krónur. Einnig er hægt að fá hana hér á landi í verslunum Hans Petersen sem er með umboð fyrir vörur Lomography. -tg

Topp fimm viðskiptatækninýjungar

Óhætt er að segja að ýmsar skemmtilegar tækninýjungar hafi litið dagsins ljós það sem af er árinu 2007, en víða eru farnir að birtast listar yfir þær sem þykja skara fram úr. Þar á meðal hefur vef tímaritið Tech Republic birt lista yfir helstu tækninýjungar í viðskiptalífnum og sjálfsagt kemur fáum á óvart að þar skuli iPhone frá Apple tróna á toppnum.



1 Apple iPhone. Greinarhöfundurinn Jason Hiner setur símann í fyrsta sæti aðallega vegna þeirra víðtæku áhrifa sem hann hefur haft á árinu. Bæði þykir honum símann hafa skapað eftirspurn eftir fjölnota sínum í Bandaríkjunum og eins sé auðvelt að vafra um netið á honum.



2 OQO. PC-tölva frá fyrirtækinu OQO, sem passar í vasann. Þetta tæki, sem er í senn sími og tölva með þráðlausu nettengi, rýkur út eins og heitar lummur að sögn greinarhöfundar, sem þykir það hafa skapað ný viðmið í framleiðslu PC-tölva.

3 Microsoft Outlook 2007. Skipulagstól sem er nauðsynlegt öllum í viðskiptalífnum að mati greinarhöfundar og tekur forverum sínum fram í ýmsu tilliti. Meðal annars sé auðvelt að nálgast viðburðaskrá, finna gömul skilaboð og líma texta úr skjali í tölvupóst án þess að textasniðið breytist.

4 Cisco Tele-Presence. Hiner setur símafundi með aðstoð Cisco-símstöðva í fjórða sæti, meðal annars þar sem slíkir fundir dragi úr ferðatengdum kostnaði hjá stórfyrirtækjum með dreifða starfsemi.



5 Zoho Office. Zoho býður viðfangsforrit á netinu sem virka betur en forrit og Google og Microsoft að mati greinarhöfundar. Þar nefnir hann Zoho Writer, Zoho Sheet og Zoho Shoe, sem eru sambærileg Word, Excel og PowerPoint.



Starf Leós snýst um að gera tölvunotkun fólks og fyrirtækja sem öruggasta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Örugg tölvunotkun

Leó Kolbeinsson starfar sem kerfisfræðingur hjá Kerfisþróun ehf. og er með MS-gráðu í upplýsingaöryggi frá Royal Holloway University of London. Hann hefur því víðtæka þekkingu á öllu sem lýtur að öryggi við tölvunotkun.

Starf Leós snýst um að gera tölvunotkun fólks og fyrirtækja sem öruggasta og segir hann að margt þurfi að hafa í huga til að fyllsta öryggis sé gætt. „Ég sé um alla ráðgjöf í sambandi við tölvuöryggiskerfi varðandi gögn, notkun á internetinu og öllu sem snýr að tölvuumhverfi,“ segir Leó sem hefur að undanförunni unnið mikið í að setja upp varnir gegn spilliforritum eins og vírusum og njósnaforritum, auk uppsetningar eldveggja en þessir hlutir falla undir upplýsingaöryggi og miða að því að verja gögn.

„Stór þáttur í mínu starfi er að sjá til þess að utanaðkomandi aðilar komist ekki inn í

NOKKUR ATRIÐI TIL HLIÐSJÓNAR FYRIR ÖRUGGA NETNOTKUN:

1. Taka reglulega öryggisafrit, uppfæra stýrikerfið og annan hugbúnað reglulega.
2. Nota eldveggi til að stjórna hvaða upplýsingar fara inn og út úr vélinni en þetta virkar eins og sía.
3. Nota varnir gegn spilliforritum eins og vírus eða njósnaforritum.
4. Opna ekki fylgiskjöl í rusltölvupósti.
5. Senda aldrei viðkvæmar upplýsingar í tölvupósti eins og lykilorð að reikningum eða öðru slíku.
6. Forðast að smella á vefköng sem koma með tölvupósti.
7. Þegar koma „pop-up“ auglýsingar á að loka þeim með því að smella á x-hnappinn á auglýsingunni en ekki já, nei eða cancel.
8. Forðast að hlaða niður ólöglegri tónlist eða myndböndum eða öðru efni. Það eru helstu smitleiðirnar á netinu í dag.

gögn fólks og fyrirtækja. Svo erum við með afritunarþjónustu en það er ákveðinn þáttur í öryggismálum að til séu afrit af öllum gögnum ef eitthvað kemur fyrir. Þá hjálpa ég fyrirtækjum að ákvarða hversu oft þarf að taka afrit, hverjir hafa aðgang að ákveðnum upplýsingum og fleira slíkt,“ segir Leó.

Leó kennir fólki einnig að nota netið á öruggan hátt þannig að

það smiti ekki vélarnar eða tapi gögnum og peningum. „Þá sé ég um allar öryggisstillingar í sambandi við rafræn viðskipti, dulköðun og almennt netöryggi og set upp netkerfi fyrir fyrirtæki með þessa þætti í huga,“ segir Leó sem er eini kerfisfræðingurinn hér á landi sem hefur MS-gráðu í upplýsingaöryggi en að auki er hann með hæstu vottun frá Microsoft. -sh



N1



NÚ GETUR ÞÚ EKKI VILLST

Ótrúlegt verð á Garmin GPS staðsetningartækjum



TILBOÐ

GARMIN Nuvi 660 42.900 ~~59.900~~

Garmin 660 er eitt fullkornasta GPS tækið á markaðnum. 4,3" snertiskjár, SIRF móttakari, innbyggt Evrópukort, vegtölva, innbyggð rödd, Bluetooth, 260 mb minni, rauf fyrir SD kort, miklir uppflettimöguleikar, MP3 spilar, hljóðbók, myndskoðari o.fl.



TILBOÐ

GARMIN Nuvi 250 22.490 ~~33.000~~

Garmin 250 GPS tækið er lítið, einfalt og ódýrt með innbyggðu Evrópukorti, 2,8" snertiskjár, 12 rása móttaka, 500 vegpunktar, innbyggð rödd, vegtölva, 85 mb minni, rauf fyrir SD kort.

Tilboðin glíða til áramóta eða meðan birgðir endast

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200

REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRDUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRDUR - EGILSSTADIR

WWW.N1.IS

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14

Auður kvenna í upplýsingatækni

Félag kvenna í upplýsingatækni hefur verið starfrækt í tvö ár. Eitt af aðalmarkmiðum þess er að hvetja fleiri konur í nám og störf innan fagsins.

„Meginmarkmið félagsins er að hvetja konur í upplýsingatækni, bæði í nám og starf. Það er mikil þörf á hæfu fólki innan geirans og í konum búa afburðatækifæri og mannaúður, ekki síður en í körlum,“ segir Anna Ingólfssdóttir, prófessor í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, sem er í stjórn félagsins.

Anna segir það bagalegt að svo fáir sækji í nám í upplýsingatækni og vitnar jafnframt í ráðstefnunna „Upplýsingatækni – á leið úr landi?“ sem fór fram í október. Þar ávarpaði forsætisráðherra, Geir H. Haarde, ráðstefnunna þar sem hann taldi það mikið áhyggjuefni að lítið framboð sé á sérmenntuðu fólki í upplýsingatækni hérlendis, sérstaklega þar sem fagið er framtíðar þekkingarauður landsins.

„Okkur finnst það miður hvað konur sækja lítið í upplýsingatækni, og þá sérstaklega í tölvunarfræði. Líklega eru viðhorf kvenna til fagsins byggð á einhverjum misskilningi og að konur haldi að fagið gangi út á annað en það gerir. Sannleikurinn er að hugbúnaðargerð reynir ekki síður á sköpunargáfu og samskiptahæfileika en tæknilega færni, enda er fólk að leysa krefjandi vandamál frá ýmsum sjónarhornum. Þarna ættu hæfileikar kvenna svo sannarlega að njóta sín ekki síður en karla. Við þetta bætist svo að nám og þjálfun í hugbúnaðargerð er góður grunn-

ur fyrir ýmiss konar störf eins og ótal dæmi sýna,“ segir Anna.

Hún segir enn fremur að sumar félagskvenna starfi innan háskólanna en einnig nefnir hún félagskonur hjá Íslenskri erfðagreiningu og hjá ýmsum bönkum og fjármálastofnunum. „Þessar stofnanir kalla mikið á færa tölvunarfræðinga og þá er ekki eingöngu verið að falast eftir fólki með góða tæknikunnáttu heldur fólki sem er með skapandi hæfileika á hinum ýmsu sviðum fagsins,“ segir Anna.

Félagið hefur verið starfrækt í rúm tvö ár og allar konur sem starfa innan upplýsingatækni, auk þeirra sem hafa áhuga á eflingu kvenna innan fagsins, eru velkomnar í hópinn. Á heimasíðu félagsins kemur fram að meðal markmiða er að vera vettvangur skoðanaskipta um störf kvenna í upplýsingatækni, stuðla að fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum og stjórnnum fyrirtækja og auka sýnileika kvenna í upplýsingatækni. En hvað flokkast undir upplýsingatækni? „Upplýsingatækni fjallar um alla þætti varðandi skráningu, meðhöndlun, vinnslu og framsetningu gagna og upplýsinga sem notuð eru á flestum sviðum samfélagsins þar sem unnið er með gögnin með aðstoð tækninnar.“

Fram undan er áframhaldandi kynningarstarf hjá félaginu og nefnir Anna þar meðal annars heimsóknir í grunn- og framhaldsskóla til að bera út boðskapinn. „Það þarf að ná til barna og unglinga sem allra fyrst ef það á að nást að leiðrétta þennan útbreidda misskilning um eðli fagsins og vekja áhuga sérstaklega stelpnanna,“ segir Anna.

Þeir sem þegar eru skráðir félagar í



Anna Ingólfssdóttir, prófessor í tölvunarfræði og stjórnarmeðlimur í Félagi kvenna í upplýsingatækni, vill auka hlut kvenna innan upplýsingatæknigeirans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skýrslutæknifélagi Íslands, Ský, geta verið meðlimir í faghópnum með því að tilkynna sig til skrifstofu félagsins, en einnig er hægt að vera eingöngu félagi í faghópnum.

Formaður félagsins er Dóra Halldórsdóttir en allar nánari upplýsingar má sjá á vefsíðu félagsins: <http://utkonur.wordpress.com/um-stjornina>

-rh

Undirstaða ánægju.

Hästens since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Mest leitað eftir Britney

Margir elska að hata söngkona ólukkulegu Britney Spears. Það sýnir sig kannski best í því að nafni hennar er slegið langoftast upp í leitarvélinni Yahoo. Leitarvélir birta nýlega topp tíu lista yfir þau orð sem er hvað oftast leitað að.

Britney er reyndar enginn nýgræðingur á listanum og hefur trónað á toppnum síðastliðin sex ár fyrir utan árið 2004 þegar vinkona hennar, Paris Hilton, ruddi henni úr fyrsta sætinu. Þetta árið er Hilton hins vegar í þriðja sæti yfir uppflettingar en var í fimmta sæti í fyrra. Er talið að nýleg fangelsisvist hennar á þessu ári hafi hresst upp á vinsældir hennar meðal netverja. Leikkonan Lindsay Lohan, sem einnig dvaldi stutta stund í fangelsi á árinu, varð sjötta á listanum og



því ljóst að slæmt siðferði stjarnanna hefur jákvæð áhrif á fjölda leitarvélurstaðna á Yahoo.

Í öðru sæti, líkt og á síðasta ári, var WWE, World Wrestling Entertainment. Aðalástæðan er líklega lát atvinnuglímukappans Chris Benoit sem myrti eiginkonu sína og son og hengdi sig að lokum. Í fjórða sæti voru Naruto, japönsku manga-teiknimyndirnar. Netleikir urðu í tveimur sætum á listanum, annars vegar leikurinn RuneScape sem var númer sjö og hins vegar Fantasy Football sem var númer átta.

Fólk hefur þó ekki aðeins áhuga á föllnum stjörnum því söngkonan Beyoncé Knowles var í fimmta sæti og söngkonan Fergie númer níu. Jessica Alba varð síðan í tíunda sæti enda var hún nýlega valin kynþokkafyllsta kona veraldar árið 2007.

Nokkrar voru á listanum í fyrra en eru fallnar burt: þær Jessica Simpson, Pamela Anderson og Shakira.

1. Britney Spears
2. WWE
3. Paris Hilton
4. Naruto
5. Beyoncé Knowles
6. Lindsay Lohan
7. RuneScape
8. Fantasy Football
9. Fergie
10. Jessica Alba

Heimilisprýði




Fækkaðu snúrunum og njóttu fullkomunar í hljóði og mynd

- Vandað 32" 100Hz Sony LCD sjónvarp af D gerð.
- Kröftugt heimabíókerfi frá Bose.
- 2 hátalarar og bassi í stað 6 hátalara í hefðbundnum kerfum.
- DVD spilar og útvarp.
- Borðstandar fyrir sjónvarp og hátalara.
- Ein Bose fjarstýring fyrir sjónvarp, afruglara og hljómteki.
- Akstur heim að dyrum.
- Fagleg uppsetning og tenging á búnaði.
- Forritun fjarstýringar fyrir sjónvarp, afruglara og hljómteki.
- Kennsla á búnað.
- Einstök upplifun.




Heildarverð 349.000,-

(Uppfærsla í 40" háskerputæki (1920x1080) 50.000,-)




RÁÐGJÖF

Sölu ráðgjafar veita þér ráðgjöf um hentugustu lausnina




UPPSETNING

Tæknimenn setja upp allan búnað og stilla í samráði við þig



KENNSLA

Sérfræðingar veita kennslu og leiðbeina þér um helstu stillingar



UPPLIFUN

Njóttu fullkomunar í hljóði og mynd



BOSE **SONY**

sense

HLÍDASMÁRA 3 - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 585 3800 - www.sense.is



Swopper vinnustóllinn

- Bylting fyrir bakið
- Styrkir magavöðvana
- Frelsi í hreyfingum
- Ánægja við leik og störf
- Fæst í ýmsum litum



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

EPSON®



SKANNAR FYRIR ATVINNUMENN

- 4800 x 9600 punkta upplausn
- 48 bita litadýpt
- 4.0 Dmax
- Skanna filmur og slides
- Litaleiðrétting
- OCR hugbúnaður fylgir

Verð frá
59.900 kr.

PÓR HF Ármúla 11 • Sími 568 1581 • www.thor.is

Sníða vefsíður að farsíma

Fyrirtækið Sjá-viðmótsprófanir er óháð ráðgjafarfyrirtæki sem sinnir hvers konar verkefnum sem snúa að netinu. Eitt þessara verkefna er að smækka vefsíður að efni og útliti svo þær henti fyrir farsímanotendur.

Sigrún Þorsteinsdóttir er sérfræðingur hjá Sjá og segir að meðal verkefna sem fyrirtækið sinni sé úttekt á vefsíðum, þarfagreining og kerfisprófun auk þess sem fyrirtækið sjái um aðgengismál fyrir fatlaða. „Í raun sinnum við flestu sem snýr að vefnum án þess að setja beinlínis upp vefsíður,“ segir hún.

Eitt þeirra verkefna sem Sjá sinnir er að sníða vefsíður að farsímum þar sem ekki er hægt að nota venjulegar síður á farsímum heldur þurfa þær að vera í sérútgáfu. „Þetta á þó ekki við um iPhone-notendur því þeir geta yfirleitt notað vefsíðurnar eins og þær koma fyrir þótt alltaf séu einhverjar takmarkanir á notkunarmöguleikum. Þetta er þó misjafnt og fer eftir því hversu tæknilega flóknar vefsíðurnar eru. Hins vegar þurfa þeir sem eru með 3G-farsíma að notast við smækkuðu myndina,“ segir Sigrún og nefnir sem dæmi að vefsíðan visir.is myndi þá hugsan-



Sigrún Þorsteinsdóttir, sérfræðingur hjá Sjá, segir fyrirtækið meðal annars smækka vefsíður til að þær passi fyrir farsíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lega verða visir.mobile.is fyrir þá sem sækja vefinn í gegnum farsíma. „Í sumum tilfellum greinir síminn sjálfur á milli þess hvort vefurinn er sniðinn fyrir farsíma eða í hefðbundinni útgáfu og sækir þá síminn farsímaútgáfunna sjálfur. Þá þarf enga frekari skilgreiningu á vefsíðuslóðinni,“ bætir hún við.

„Við minnkum vefsíður bæði efnislega og útlitslega til að þær passi fyrir farsímaskjái og flokk-

um þá efnið fyrir þá sem eru með farsíma og lítinn tíma. Þessi útgáfa er því í raun fyrir fólk á ferðinni,“ segir Sigrún og bætir við: „Við byrjum á að þarfagreina með notendum hvað þarf að birtast og hvað er mikilvægast. Það segir sig sjálfst að ef fólk er með lítinn farsímaskjá skoðar það ekki allar upplýsingarnar sem hægt er að finna á vefsíðum í gegnum tölvu.“

- sig

Allar gerðir af kerrum

Allir hlutir til kerrusmiða



Jólatilboð

Fólksbílakerra, 150x108, 550kg burður
Krónur 79.000.-



Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla.



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

AUKIÐ EFTIRLIT – AUKIN GÆÐI



Nýja FLIR ThermaCam hitamyndavélin sér galla í einangrun húsa, getur séð fyrir rafmagnsbilanir og er tilvalin til að sjá skemmdir í pípulögnum.

- Fylgist með á framkvæmdastigi og finnið falda galla áður en í óefni er komið.
- Finnið skemmdir í eldri kerfum án þess að þurfa að brjóta niður veggj með margföldum kostnaði.
- Sjáið hitamyndun í háspennumannvirkjum og öðrum raflögnum sem geta sagt fyrir um bilanir, áður en þær verða.



Nýjasta tækni – Aukin hagkvæmni

Ísmar :: Síðumúla 28 :: 108 Reykjavík
Sími 510 5100 :: ismar@ismar.is

BT

118.999,-

MB061DK/B
APPLE MACBOOK MB061 B
Intel Core 2 DUO 2.0 GHz
1GB DDR2 667MHz
80GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading CD-RW og DVD-ROM

13,3" Glossy WideScreen skjár
- Upplausn 1280 x 800
Bluetooth, GB LAN, FireWire
Práðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél
Mac OS X "Leopard" og iLife 08



BT LÁN
Verð frá:
3.426
59 mánaða

138.999,-

MB062DK/B
APPLE MACBOOK MB062 B
Intel Core 2 DUO 2.2 GHz
1GB DDR2 667MHz
120GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading DVD skrifari

13,3" Glossy WideScreen skjár
- Upplausn 1280 x 800
Bluetooth, GB LAN, FireWire
Práðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél
Mac OS X "Leopard" og iLife 08

BT LÁN
Verð frá:
3.956
59 mánaða

158.999,-

MB063DK/B
APPLE MACBOOK MB063 B
Intel Core 2 DUO 2.2 GHz
1GB DDR2 667MHz
160GB Serial ATA Harður diskur
Intel GMAX3100 144MB skjástýring
Slot loading DVD skrifari

13,3" Glossy WideScreen skjár
- Upplausn 1280 x 800
Bluetooth, GB LAN, FireWire
Práðlaust Net 802.11N 300Mbps
Innbyggð iSight vefmyndavél
Mac OS X "Leopard" og iLife 08

BT LÁN
Verð frá:
4.485
59 mánaða



iPod Classic

- 80 GB : 20.000 Lög
- Vegur 140 grömm
- 2,5" 320x240 LCD Skjár

34.999,-

- 160 GB : 40.000 Lög
- Vegur 162 grömm
- 2,5" 320x240 LCD Skjár

44.999,-



iPod Nano

- 4 GB : 1000 Lög
- 8 GB : 2000 Lög
- Vegur 49 grömm
- 2,0" 320x240 LCD Skjár

4 GB 17.999,-
8 GB 24.999,-